

**AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA
SAMFÉLAGSGREINAR**

**Menntamálaráðuneytið
2007**

AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA – SAMFÉLAGSGREINAR

Menntamálaráðuneytið: námskrár

júní 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið

Sölvhólgötu 4

150 Reykjavík

Sími: 560 9500

Bréfasími: 562 3068

Netfang: postur@mrn.stjr.is

Veffang: menntamalaraduneyti.is

@ 2007 Menntamálaráðuneytið

ISBN 978-9979-777-52-6

EFNISYFIRLIT

Formáli	4
Inngangur	5
Nám og kennsla	5
Námsmat.....	6
Lokamarkmið samfélagsgreina	6
Samfélagsfræði (1.–4. bekkur).....	9
Inngangur	9
Nám og kennsla	9
Áfangamarkmið í samfélagsfræði við lok 4. bekkjar	11
Saga (5.–10. bekkur).....	15
Inngangur	15
Nám og kennsla	16
Áfangamarkmið í sögu við lok 7. bekkjar	16
Áfangamarkmið í sögu við lok 10. bekkjar	18
Landafræði (5.–10. bekkur)	20
Inngangur	20
Nám og kennsla	20
Áfangamarkmið í landafræði við lok 7. bekkjar.....	21
Áfangamarkmið í landafræði við lok 10. bekkjar.....	22
Þjóðfélagsfræði (8.–10. bekkur).....	23
Inngangur	23
Nám og kennsla	23
Áfangamarkmið í þjóðfélagsfræði við lok 10. bekkjar.....	24
Viðauki.....	26
Dæmi um þrepamarkmið í samfélagsfræði	26
Dæmi um þrepamarkmið í sögu	35
Dæmi um þrepamarkmið í landafræði.....	46
Dæmi um þrepamarkmið í þjóðfélagsfræði.....	52

FORMÁLI

Í þessari aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um samfélagsgreinar, gerð grein fyrir hlutverki þeirra og inntakspáttum og nokkuð fjallað um kennslu og námsmat. Samfélagsgreinar skiptast þannig: samfélagsfræði (1.-4. bekkur), saga (5.-10. bekkur), landafræði (5.-10. bekkur) og þjóðfélagsfræði (8.-10. bekkur).

Meginbreyting frá fyrri námskrá í samfélagsgreinum er aukin áhersla á samþættingu innan námsgreinarinnar.

Í námskránni eru sett fram lokamarkmið og áfangamarkmið greinarinnar. Lokamarkmið gefa heildarmynd að því sem stefnt er að með kennslu samfélagsgreina í grunnskóla. Lokamarkmið skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Áfangamarkmiðum er deilt niður á þrjú stig, yngsta stig (1.-4. bekk), miðstig (5.-7. bekk) og unglingsstig (8.-10. bekk). Þau eru meginviðmið í skólstarfinu.

Í viðauka eru birt dæmi um þrepamarkmið sem skólar geta haft til viðmiðunar kjósi þeir það. Þrepamarkmið eru safn markmiða eða viðfangsefna til að ná settum áfangamarkmiðum og eiga að mynda stígandi í náminu, allt frá upphafi grunnskóla til loka. Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir þrepamarkmið einstakra námsgreina. Skólastjóri ber ábyrgð á útgáfu skólanámskrár.

Nánar er fjallað um markmiðasetningu í almennum hluta aðalnámskrár.

INNGANGUR

Samfélagsfræði, landafræði, saga og þjóðfélagsfræði mynda uppistöðu samfélagsgreina í grunnskóla. Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu samfélagi. Samfélagsgreinar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi; um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hins stærsta (þjóða, heims, vistkerfa).

Í grunnskóla er viðfang samfélagsgreina sótt í félagsfræði, landafræði, sagnfræði og fleiri fræðigreinar sem ljá náminu ýmis verkfæri til að takast á við og greina viðfangsefni. Vegna innbyrðis tengsla námsþátta innan samfélagsgreina í námskránni er oft óljóst hvar eigi að flokka einstök viðfangsefni. Því er mikilvægt er að fella námsþætti saman á sem heildstæðastan hátt innan ramma greinarinnar.

Í námskrá í samfélagsgreinum eru sett fram lokamarkmið greinarinnar í heild. Áfangamarkmið eru sett fram fyrir hvern námsþátt fyrir sig og skólunum ætlað að tengja og samþætta þau í skólanámskrá eftir því sem talið er henta. Með þessu móti er undirstrikað mikilvægi þess að tengja saman og samþætta námsþætti samfélagsgreina jafnframt því að sérstaða hvers þáttar fái að njóta sín. Þess hefur verið gætt, þar sem tilefni gafst til, að haga viðfangsefnum samfélagsgreinanna þannig að þau gæfu möguleika á tengingum og samþættingu. Tilefni og tækifæri til samþættingar við aðrar námsgreinar, s.s. lífsleikni, upplýsingamennt og umhverfisfræði, heimilisfræði og kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði eru einnig til staðar í ýmsum bekkjum.

NÁM OG KENNSLA

Það er hlutverk skólanna að uppfylla markmið samfélagsgreina, bæði með kennslu einstakra námsþátta og með því að tengja markmið þeirra saman á fjölbreyttan hátt.

Nám í samfélagsgreinum miðast við reynsluheim nemenda, áhuga, aldur og þroska. Aðferðir samfélagsgreina eru samræða og frásögn, leikur, söngur og myndvinna, upplýsingaöflun og vettvangskannanir og ritað mál, eftir því sem kunnáttu og þroska fleygir fram. Ævintýri og sögur geta verið neisti sem kveikir umræðu og vekur til umhugsunar um mannfélag, staðhætti og mismunandi tímasteið. Jafnframt því sem efnisatriðum er komið á framfæri þarf að gefa nemendum tækifæri til að kynnst aðferðum og viðhorfum samfélagsgreinanna, t.d. með því að skoða og greina sögurnar og ævintýrin. Atburðir í samtímanum og fréttir í fjölmiðlum geta einnig verið kveikja að umræðu um mikilvæg atriði sem skipta nemendum máli.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að kynnst ólíkum upplýsingum og fást við að afla þeirra með ýmiss konar aðferðum og tækni, gæta að hvað er helst að marka og hvað hefur hæpnara sannleiksgildi og prófa hvernig hægt er að koma fróðleik á framfæri á mismunandi hátt. Mikilvægur þáttur í námsferlinu er að miðla og tjá þekkingu sína og reynslu með fjölbreyttum hætti. Þar sem kunnátta og aðrar aðstæður eru fyrir hendi getur verið farsælt að beita aðferðum skipulegrar samræðu sem löguð er að þroska og áhugamálum nemenda. Í kennslu í samfélagsgreinum gefst tækifæri til að beita mismunandi kennsluáðferðum, bæði einstaklingsmiðaðri kennslu og hópvinnu, í ýmiss konar verkefna- og rannsóknarvinnu sem hæfir aldri og þroska nemenda.

Nánar er fjallað um nám og kennslu samfélagsgreina í hverjum námsþætti fyrir sig.

NÁMSMAT

Um námsmat í samfélagsgreinum gildir það sem segir í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla. Markmiðin eru grundvöllur námsmatsins; meta skal hve vel þeim hefur verið fylgt. Sum þeirra má auðveldlega meta með skriflegum fjölvalsspurningum eða skriflegum og munnlegum prófum. Markmið um innlifun, að setja sig í spor annarra og skoða sjálfan sig í samhengi sögunnar verða oft best metin út frá ritgerðum, skálduðum skrifum, munnlegum frásögnum og myndrænni eða leikrænni framsetningu. Í námsmati getur einnig reynt á ályktunarhæfni, rökvísi, innsæi, hugmyndaflug og fleiri þætti. Slíkt getur verið vandasamt með skriflegu prófi einu saman og því er eðlilegt að hluti námsmatsins byggist á mati á verkefnum og vinnuferli.

Mælt er með því að kennarar beiti stöðugu námsmati þegar um er að ræða viðfangsefni eins og sjálfstæðar kannanir, upplýsingaleit, hópverkefni eða vettvangsferðir.

LOKAMARKMIÐ SAMFÉLAGSGREINA

Lokamarkmið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram sem almenn lokamarkmið og sem lokamarkmið fyrir hvern námsþátt fyrir sig.

Almenn markmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir sérkennum íslensks samfélags, heimabyggðar sinnar jafnt sem þjóðfélagsins í heild
- fjalli um samfélög manna í hnattrænu samhengi með tilliti til fjölmenningar og alþjóðavitundar
- þekki einkenni íslenskrar menningar, breytingar sem orðið hafa á henni í gegnum aldirnar og áhrif sem aukin fjölmenning hefur í samtímanum
- átti sig á hvernig landið og náttúruauðlindir þess, til lands og sjávar, hafa mótað samfélagið og menninguna; einnig hvernig samfélagið hefur haft áhrif á landið og auðlindir þess
- fái tilfinningu fyrir og skilning á framvindu tímans
- kynnist möguleikum nútímaupplýsingatækni til öflunar og framsetningar samfélagslegra, sögulegra og landfræðilegra gagna
- geti beitt í samhengi þeirri grunnþekkingu sem hann hefur aflað sér og beitt gagnrýninni hugsun til að leita orsaka og greina afleiðingar; að skiptast á skoðunum og færa rök fyrir máli sínu
- geti unnið sjálfstætt að verkefnum, bæði samkvæmt fyrir mælum og að eigin frumkvæði
- verði fær um að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum hætti, svo sem munnlega eða skriflega, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu, á tölvu og Neti, einn sér eða í samstarfi við aðra

Samfélagsfræði

Nemandi

- geti fjallað um hugtökin samfélag, menning og sjálfsmynd og útskýrt hvernig hann skilur þau
- setji sig í spor fólks á ýmsum tímum og á ólíkum menningarsvæðum, einkum jafnaldra sinna

- geti sett sjálfan sig og fjölskyldu sína í samhengi við hugtökin fortíð, nútíð og framtíð
- þekki mun á náttúrulegum og manngerðum verðmætum
- kynnist og kunni skil á því hvernig samspil manns og náttúru hefur þróast og hvernig sú þróun kemur t.d. fram í skipulagi samgangna og samfélags og ólíkum lífsháttum og lífskjörum fólks
- þekki náttúruleg og menningarleg sérkenni norðurslóða og hafi kynnst samfélagsbreytingum í Færeyjum og á Grænlandi í samhengi við sögu Íslands
- geri sér grein fyrir gildi og afstæði frásagnar um samfélagið og skýringa á atburðum og aðstæðum og þroski þannig með sér gagnrýna hugsun

Saga

Nemandi

- fáí heildarmynd af sögu Íslands (heimabyggðar og landsins í heild) í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins með áherslu á eftirtalda þætti:
 - kennileiti fornaldar, einkum áhrifaþætti íslenskrar menningar
 - menningu, samfélag og heimsmynd miðalda, einkum á Íslandi
 - tengsl Íslands við grannlönd, einkum á nýöld
 - samfélag, stjórnmal, tækni og menningu 19. og 20. aldar á Íslandi og erlendis
 - nemandann sjálfan, aðstæður hans, umhverfi og sögu
- öðlist skilning á ýmsum sviðum sögunnar: menningu, hugarfari, efnahagslífi, tækni og stjórnmalum
- öðlist skilning á ýmsum þátttakendum sögunnar: einstaklingum og þjóðum, fjölskyldu og heimabyggð, fullorðnum og börnum
- skoði löng skeið sögunnar og kanni náíð afmörkuð svið og tímabil
- geti nýtt sér ýmis birtingarform sögunnar, svo sem munnlegar frásagnir, kennslubækur, handbækur, aðgengileg fræðirit, margmiðlun, efni á Netinu, söfn, sögustaði og mannvirki

Landafræði

Nemandi

- kanni valin svæði á yfirborði jarðar með áherslu á heimabyggðina, Ísland, Norðurlönd, Evrópu, heimsálfur og heiminn í heild
- þekki nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja
- þekki einkenni svæða allt frá heimabyggð til fjarlægari staða með tilliti til landslags, gróðurs, auðlinda, búsetu og menningar
- geti metið nýtingu og gildi verndunar auðlinda og umhverfis
- þekki tilurð og notkun margs konar landfræðilegra upplýsinga eins og loftmynda, korta, taflna og grafa

Þjóðfélagsfræði

Nemandi

- þekki uppbyggingu á íslensku stjórnkerfi, s.s. þrískiptingu ríkisvalds, stjórnarskrá, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar og Alþingi
- þroski með sér borgaravitund og geri sér grein fyrir hvað felst í að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í samfélaginu
- öðlist færni í tjáskiptum og rökræðu um samfélagsmál og að fylgja eftir skoðunum sínum

SAMFÉLAGSFRÆÐI (1.–4. BEKKUR)

Inngangur

Með samfélagsfræði er í þessari námskrá átt við samþættingu námsþátta, einkum sögu, landafræði og félagsfræði, á yngsta stigi grunnskóla. Ekkert er því til fyrirstöðu að kennslu í fleiri greinum sé bætt við, s.s. náttúrufræði og íslensku að hluta til, enda sé gerð grein fyrir því í skólanámskrá (sjá inngang samfélagsgreinasviðsins).

Markmið samfélagsfræðinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo að það öðlist sífellt aukna vitund um samfélagið, umhverfið og söguna.

- Samfélagsvitund felst í því að barnið lætur sér annt um samferðafólk sitt, gerir sér grein fyrir samskiptareglum og getur hugleitt og rætt grundvöll þeirra.
- Umhverfisvitund felst í að þekkja umhverfi sitt, bera umhyggju fyrir því og hæfileika til að greina samhengi mannglegra athafna og náttúru.
- Söguvitund merkir tilfinning fyrir liðnum tíma, nútíð og framtíð og vitund um að fyrirbæri mannlífsins eru breytingum undirorpin.

Nám og kennsla

Viðfangsefni fyrstu skólaáranna hafa jafnan verið hinn nálægi heimur barnsins og þurfa kennsluáferðir í samfélagsfræði á yngsta stigi að taka mið af því. Viðfangsefnin eru barnið sjálft, fjölskyldan, skólafélagarnir, skólinn og skólasamfélagið, umhverfi skólans, heimabyggðin, æviskeið barnsins („þegar ég var lítil“), næsta kynslóð („þegar mamma/amma var lítil“). Hér reynir á útsjónarsemi kennara að nýta sér það sem mismunandi umhverfi og aðstæður búa yfir.

Þessi heimur er víkkaður eftir föngum þar til hann nær til alls landsins en einnig skal litið til fjarlægari staða og sviða til að fá samanburð og viðmið og leggja grunn að heimsmynd barnsins. Heimur þess er í vaxandi mæli manngert umhverfi og um það ber að fjalla og miða við engu síður en náttúruna. Í þessu manngerða umhverfi, sem barninu er tamt, eru sögur og ævintýri, fjölmiðlar og aðrir upplýsingamiðlar sem geta opnað gáttir út í víðan heim. Ung börn geta glímt við mörg viðfangsefni sem eru fjarlæg í tíma og rúmi. Hér er því meðal annars gert ráð fyrir að nokkrir drættir í landafræði, sögu og menningu fornaldar séu teknir til meðferðar.

Þegar börnin byrja í skóla hafa þau þegar ýmsar hugmyndir um hvað satt er og ósatt; þau hafa heyrt sögur og frásagnir og vita að upplýsingar og fróðleikur kemur úr ýmsum áttum. Við þetta er spunnið í skólanum og leiðbeint með skipulegum hætti um uppsprettur og miðla þekkingarinnar. Þegar fengist er við samfélag og sögu er stefnt að því að auka þekkingu og þroska rökhugsun og gagnrýni. Innlifun, tilfinning, víðsýni og hugarflug er ekki síður mikilvægt enda verður þekkingin og rökhugsunin innantóm án þessa.

Mikilvægur þáttur í námsferlinu er að nemendur fái tækifæri til að miðla og tjá þekkingu sína með fjölbreyttum hætti.

Viðfangsefni samfélagsfræðinnar eru sett fram undir nokkrum fyrirsögnum þar sem teknir eru saman skyldir þættir. Þau eru ekki birt hér í sérstakri röð.

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

Undir þessari fyrirsögn eru markmið um fjölskylduna, bæði það sem nemandanum stendur næst ásamt athugun á fjölskyldugerðum og fjölskyldulífi í öðrum löndum og á fyrri tíð. Það getur verið vænlegt að taka mið af aðstæðum og tilveru hvers nemanda en aðgát skal höfð svo að ekki sé gengið of nærri því sem viðkvæmt er í lífi barnsins.

Skóli og heimabyggð

Nemendurnir eiga það sameiginlegt að vera samankomnir undir einu þaki til náms og leikja. Skólahúsið, umhverfi þess, saga og hlutverk er því nærtækt viðfangsefni sem allir geta sameinast um. Í heimabyggð eru mýmörg dæmi sem vænlegt er að fjalla um. Heimabyggð er þó ekki í öllum tilvikum einungis hið nánasta umhverfi. Sumir nemendur eiga rætur á öðrum stöðum landsins eða í útlöndum og þess þarf að gæta og nýta þegar svo ber undir.

Land og þjóð

Hér er hugað að táknum þjóðarinnar, svo sem fánanum og Þingvöllum, enn fremur menningararfi, einkum þeim sem fólgin er í bókmenntum. Lítið er til breytinga á lífsháttum sem eldri kynslóð getur frætt um. Í nútímanum er dregin upp mynd af atvinnuháttum og efnahagslífi í stórum dráttum.

Umheimurinn og nánasta umhverfi

Hinn náttúrulegi og manngerði umheimur er það leiksvið sem einstaklingurinn fæðist inn í. Náttúruöflin, landslag, himingeimurinn og veðurfar skapar umgjörð um líf manna og menningin reynir að setja umheiminn í kerfi og skapa röð og reglu með hugtökum, kenningum, trúarbrögðum, tímatali, landakortum og samskiptareglum. Mikilvægt er að skólinn aðstoði nemendur við að kanna umhverfi sitt, orða spurningar sínar, flokka reynslu sína og koma skipan á hugmyndir í samræðum við kennara og aðra nemendur.

Heimsbyggð

Í þessum efnisþætti er skyggst um heiminn í nútíð og fortíð til að skoða það sem forvitni vekur án þess að draga upp samfelldan þráð. Hér er tilvalið að leggja áherslu á landafræði.

Fornsaga

Ævintýri og sögur, sjónvarp og tölvuleikir leiða börnin á fjarlægjar slóðir og til löngu liðinna tíma. Hér má staldra við nokkra þætti: upphaf mannsins, fornminjar sem athygli vekja, forna goðheima og nokkrar grundvallarspurningar sem heimspekingar fornaldar tóku upp og ekki úreldast.

Tími

Framvinda tímans er einn grunnþáttur mannlífsins og tíminn er viðfangsefni og einkenni sögunnar. Í öllum sögulegum verkefnum er fengist við skilning okkar á tíma, hugtök sem notuð eru, rás viðburða og frásagnarhátt sem felur í sér framrás tíma með misjafnlega margbrotnum hætti.

Áfangamarkmið í samfélagsfræði við lok 4. bekkjar

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

Nemandi á að

- skilja að sérhver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild – fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi, þjóðfélagi
- þekkja hlutverk einstaklinga af báðum kynjum í fjölskyldu, t.d. með hliðsjón af stöðu sinni í eigin fjölskyldu
- gera sér grein fyrir mikilvægi fjölskyldunnar í gegnum söguna og hvernig menn búa í mismunandi fjölskyldugerðum við ólíkar efnahagslegar og félagslegar aðstæður í heiminum
- geta gert grein fyrir nokkrum þáttum fjölskyldulífs fyrri kynslóða
- skilja og virða reglur í samskiptum manna, skráðar og óskráðar, og þekkja dæmi þar um
- hafa fengið að skynja söguna í gegnum áþreifanlega hluti og lifað sig inn í hana í gegnum bókmenntir, ljósmyndir, kvikmyndir og frásagnir
- hafa fengið að lifa sig inn í söguna með því að endurskapa veruleika með öðrum, t.d. að skapa ímyndað land með bekkjarfélögum, nema það og búa til samfélag
- hafa öðlast skilning á margbreytileika mannlífs í tíma og rúmi í sögunáminu og öðlast virðingu fyrir menningu annarra þjóða

Skóli og heimabyggð

Nemandi á að

- þekkja skipulag skólabyggingar og lóðar og hvernig megi búa til og nota kort til að rata um eða vísa öðrum veginn
- rata um umhverfi heimilis og skóla með því að fylgja munnlegum leiðbeiningum og nota einfalda uppdrætti eða kort
- átta sig á hvaða náttúruþættir hafa mótað umhverfi hans
- kynnast mikilvægi náttúruverndar og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum í þeim málum, t.d. með flokkun sorps og endurnýtingu hráefna
- þekkja staði í nágrenni heimilis síns og kunna skil á landfræðilegum hugtökum
- kunna skil á nokkrum breytingum sem orðið hafa á nánasta umhverfi af mannavöldum
- þekkja nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögulegar byggingar í heimabyggð og kunna sögur af þeim

Land og þjóð

Nemandi á að

- þekkja og hafa nokkurn skilning á táknum og stöðum sem eru mikilvægir sjálfstæði Íslands og helstu hlutverkum mikilvægra stjórnar- og þjónustustofnana samfélagsins
- geta sagt frá nokkrum atburðum og persónum sem koma við sögu lands og heimabyggðar
- þekkja til Íslendingasagnanna og valdra persóna sem þar er sagt frá

- þekkja nokkrar íslenskar þjóðsögur og geta sagt hvernig þær vitna um þjóðtrú og þjóðhætti fyrir á öldum
- geta nefnt dæmi um það sem er líkt og ólíkt í húsnæði, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, siðum og venjum nú og á öðru tímasteiði
- skilja mikilvægi umhverfisþátta fyrir búsetu og lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrir
- þekkja til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna
- skilja hlutverk ólíkra starfa í þjóðfélaginu og hvernig þau tengjast

Umheimurinn og nánasta umhverfi

Nemandi á að

- þekkja hvað veldur árstíðaskiptum og áhrifum þeirra og veðurs á daglegt líf fólks eftir staðsetningu á jörðinni
- þekkja mánaðafjölda í ári, dagafjölda í mánuði og klukkustundir í sólarhring
- geta útskýrt dægraskipti og hvernig jörðinni er skipt upp í tímabelti
- fá yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn
- átta sig á megintegundum náttúruhamfara og áhrifum þeirra á daglegt líf fólks
- átta sig á ýmsum þáttum sem snúa að búsetu, atvinnuháttum og samgöngum og þeim áhrifum sem samspil manns og náttúru hefur þar á
- fylgjast með og geta gert grein fyrir fréttum af umheiminum, t.d. fréttum af náttúruhamförum, og tengt þær almennri umfjöllun samfélagsfræðinnar
- átta sig á hvaða náttúruþættir hafa mótað umhverfi hans
- þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
- kynnast mikilvægi náttúruverndar og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum í þeim málum, t.d. með flokkun sorps og endurnýtingu hráefna
- þekkja staði í nágrenni heimilis síns og kunna skil á landfræðilegum hugtökum
- þekkja örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
- geta útskýrt ýmis tilefni þess að fólk ferðast og flytur milli staða
- þekkja skipulag skólabyggingar og lóðar og hvernig megi búa til og nota kort til að rata um eða vísa öðrum veginn
- rata um umhverfi heimilis og skóla með því að fylgja munnlegum leiðbeiningum og nota einfalda uppdrætti eða kort
- geta notað kortabækur, kort og hnattlíkön til upplýsingaöflunar og hafa skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi
- kunna skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum
- átta sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- þjálfast í lestri og framsetningu á einföldum töflum og geta sett upplýsingar, sem hann hefur aflað sjálfur, fram á myndrænan hátt
- þekkja helstu tákni sem notuð eru í veðurlýsingu

Heimsbyggð

Nemandi á að

- þekkja til búferlaflutninga Íslendinga til annarra landa og gera sér grein fyrir mikilvægi samskipta Íslands við útlönd
- þekkja til nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma helst og nokkrar ástæður þess að þeir hafa flust hingað
- geta sagt frá nokkrum sögufrægum persónum, t.d. sæförum og landkönnuðum
- geta greint á milli eigin reynslu og reynslu annarra og átta sig á að ekki er allt heilagur sannleikur sem skrifað stendur heldur lítað reynslu og viðhorfum þess sem ritar
- skilja muninn á sannsögu og skáldsögu
- þekkja nokkrar mikilvægar uppgötvanir á sviði tækni og vísinda og áhrif þeirra á samgöngur og samskipti í heiminum
- vita að til eru mismunandi menningarsvæði, siðir og venjur í heiminum og þekkja nokkur valin dæmi þar um

Fornsaga

Nemandi á að

- geta fjallað um upphaf og þróun mannsins
- vita hvað fornleifar og fornminjar eru og hvernig þær veita upplýsingar um sögu mannsins
- kannast við og hafa kynnt sér valda atburði úr sögu fornaldar
- hafa hlustað á og/eða lesið og unnið með þjóðsögur, hetjusögur og goðsagnir frá mismunandi stöðum í heiminum

Tími

Nemandi á að

- skilja hvenær skipt er um tímasvið í frásögn og geta greint hvenær atburðir gerast á undan eða eftir öðrum eða samtímis
- geta raðað atburðum í tímaröð, m.a. með því að teikna tímaás
- kunna skil á tímahugtökum og læra að nota dagatal

Rýni og tjáning

Nemandi á að

- skilja gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunn, læra á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og hafa lært að finna bók á bókasafni
- þekkja mismunandi leiðir til að afla upplýsinga, t.d. úr bókum, á söfnum, með viðtölum og af Netinu, og hafa fengið tækifæri til að nota þá þekkingu
- kanna í samvinnu við aðra og sem einstaklingur valin atriði á skipulegan hátt og hafa haldið skrá yfir athuganir sínar
- hafa þjálfast í að flytja mál sitt, svara fyrirspurnum, rökræða niðurstöður og taka gagnrýni
- hafa þjálfast í að hlusta og endursegja

- hafa fengið að túlka viðfangsefni munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og með leikrænni tjáningu fyrir bekkjarfélögum, foreldrum eða öðrum

SAGA (5.–10. BEKKUR)

Inngangur

Sögunám í skólum byggist á fræðigreini sem er skipuleg umfjöllun um mannfélagið frá fortíð til líðandi stundar. Sjálfsmýnd einstaklinga og hópa mótast af því sem á undan er gengið, af sameiginlegum minningum og menningararfi. Þennan arf þarf að skoða og endurskoða og í þeim tilgangi hafa þróast gagnrýnar leiðir í sögu og sagnfræði. Sagan hefur almennt menntunargildi þar sem til hennar er vísað í daglegu lífi og rökræðu um úrlausnarefni samtímans. Könnun á fortíð lýkur aldrei því að viðhorf til hennar breytast stöðugt. Þó að endanleg niðurstaða fái ekki er jafnan leitað í sjóð reynslunnar og rýnt í visku kynslóðanna.

Lærdómur, sem dreginn er af sögunni, er því aldrei einhlítur en hann er fyrir hendi. Sameinuðu þjóðirnar, Marshall-hjálpin og skipuleg samvinna Evrópuþjóða eru dæmi um stofnanir og bandalög sem eru til orðin vegna lærdóms sem dreginn var af seinni heimsstyrjöldinni. Segja má að sagan hafi þar fengið hagnýtt gildi og hún gegnir einnig hagnýtu hlutverki í ferðaþjónustu og ýmissi annarri atvinnustarfsemi. Ekki varðar minna að hún snertir tilvistarspurningar mannsins þar sem hún greinir frá reynslu einstaklinga og þjóða í hásku og gleði, amstri og velsæld.

Í sögukennslu hefur áherslan löngum snúist mest um stjórnsmál þjóða og ríkja. Í þessari námskrá er stjórnsmálum gaumur gefinn en jafnframt er leitast við að breikka söguviðið þannig að auk stjórnsmála sé vikið að öðrum þáttum mannlífs svo sem menningu í víðri merkingu, siðum og trú, hugarfari og hugmyndastefnum, efnahag og umhverfismálum, félagslegum málum hvers konar og þar á meðal sögu fjölskyldu, kynja og barna. Þetta merkir ekki að allir málaflokkar séu jafnan á dagskrá. Oft er vænlegast að beina athygli að fáum þáttum í einu.

Í þessari námskrá er leitast við að tengja þjóðarsöguna við atburði í umheiminum. Þetta er mikilvægt markmið en vandasamt og merkir ekki að ávallt sé horft bæði heiman og heim. Stundum er tilefni til að flétta saman, stundum að kanna hliðstæður eða samtímaþætti og stundum er hugað að hvoru fyrir sig. Þjóðin er heldur ekki eina einingin sem á sér merkingarþæra sögu. Hægt er að rekja sögu fjölskyldunnar, hópa af ýmsu tagi, landshluta, heimabyggðar, samsteypuríkja (t.d. Danaveldis á nýöld), hópa landa (t.d. Norðurlanda), landsvæða (t.d. Norðurheimskautssvæðisins) og heimsálfna. Auk þess má horfa til trúar- og hugmyndahreyfinga, menningarstrauma og breytinga á atvinnulífi og segja söguna í ljósi þessara þátta án þess að takmarka sig við eigin þjóð.

Þessi markmið, að segja fjölþætta sögu og tengja Ísland við umheiminn, eru í samræmi við margt það sem keppt er að í heimi fræðanna, bæði á Íslandi og erlendis. Af þessum sökum verður hins vegar torvelt að finna einn rauðan þráð í sögunni. Í fjölraðissamfélagi okkar tíma þykir mönnum einnig sem þræðirnir séu margir en ekki einn. Merking, samhengi og tengsl eru þó mikilvæg og eru þræðir víða dregnir saman á ýmsum stigum námsins. Jafnframt er hvatt til þess að nemendur og kennarar leiti merkingar og samhengis með eigin athugun. Í þeirri leit þarf að skoða heimildir og röksemdir með gagnrýnum huga en jafnframt að beita skapandi og frjórri hugsun og tilfinningu.

Einstaklingurinn, nemandinn, er alltaf nálægur og miðar sig og mátar við sögu mannkyns, þjóðar, byggðarlags eða fjölskyldu. Hann stendur ekki utan við söguna heldur andspænis henni sem túlkandi og þátttakandi. Í sögunámi er leitast við að túlka fortíð, skilja nútíð og mæta og móta framtíð. Þetta hefur verið

kallað söguvitund. Nemandinn mætir fyrri tíðar fólki sem einnig reyndi að móta tilveruna eftir forsendum síns tíma. Í náminu verður leitað að gerendum sögunnar og jafnframt kappkostað að kanna þær skordur sem hugarfar, lífsbjargarhættir og þjóðskipulag setti þeim og þeir tókust á við.

Inntak sögunnar í þessari námskrá tekur mið af íslenskum menningararfi og hefðum sem myndast hafa. Inntakið er þó ekki gefið í eitt skipti fyrir öll heldur er sífellt í endurskoðun. Færni-, leikni- og viðhorfamarkmið, sem einnig eru mikilvæg, snúast því að jafnaði um ákveðið inntak.

Nám og kennsla

Markmiðum námskrár í sögu verður best náð með virkum og skapandi kennsluáðferðum og sum markmiðanna gera ráð fyrir sjálfstæðri könnun nemenda undir handleiðslu kennara. Í þrepamarkmiðum eru gefnar vísbendingar um efnisþætti og nálgun. Úr þeim má velja og þeim má raða á mismunandi vegu enda eru þeir yfirleitt fleiri en komist verður yfir með góðu móti. Öðrum jafngildum má bæta við ef ástæða þykir til. Á nokkrum stöðum eru sett fram markmið undir fyrirsögnunum þversnið og langsnið. Með þversniði er átt við nána könnun á afmörkuðum efnisþætti, oftast á stuttu tímasteiði. Langsnið merkir hins vegar að efnisþætti er fylgt eftir um lengra tímabil. Stundum er raunar erfitt að greina þarna á milli. Hvorttveggja hentar þetta til sjálfstæðra könnunarverkefna þar sem margvíslegar leiðir upplýsingatækni koma að góðum notum. Fleiri markmið mætti auðkenna með þessum hætti.

Áfangamarkmið í sögu við lok 7. bekkjar

Róm og kristni

Nemandi á að

- hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi
- gera sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi og hvernig hún barst norður á bóginn

Víkingar í norðri

Nemandi á að

- þekkja helstu drætti í fornsögu norræna þjóða
- þekkja ýmsa þætti víkingatímans

Frá landnámi til kristni

Nemandi á að

- kunna sögur af landnámi Íslands
- hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar
- vita hvernig kristni festi rætur á Íslandi

Íslenskur miðaldahöfðingi

Nemandi á að

- geta skoðað íslenskt miðaldasamfélag í ljósi kunnugs einstaklings, t.d. Snorra Sturlusonar, Guðmundar biskups góða eða Guðríðar Þorbjarnardóttur

Miðaldamannlíf á Íslandi

Nemandi á að

- hafa mynd af og þekkingu á nokkrum menningar- og félagsþáttum íslensks samfélags á hámiðöldum, t.d. bernskuskilyrðum, stöðu kynja, heimilislífi og/eða stjórnskipun

Svipmyndir

Nemandi á að

- hafa kannað valda menningarþætti á ólíkum stöðum í heiminum á miðöldum, einkum dæmi um tengsl milli fjarlæggra menningarheilda

Heimsálfur tengjast

Nemandi á að

- þekkja til landkönnunarferða á miðöldum og ýmissa samfélagsbreytinga sem komu í kjölfar þeirra

Ísland og umheimurinn fram til 1800

Nemandi á að

- hafa kannað nokkra valda þætti úr Íslandssögunni og borið saman við grannlöndin
- þekkja tengsl Norðurlanda fram til um 1800, einkum ríkjatengsl og sameiginlegan trúararf
- þekkja til valinna þátta úr sögu þeirra landa og landsvæða utan Norðurlanda sem Íslendingar hafa átt í samskiptum við, einkum Bretlandseyja, og dæmi um þau samskipti
- þekkja hvernig Norðurlöndin tengdust
- hafa kynnt sér stjórnunartengsl Íslands og Danmerkur og velt þýðingu þeirra fyrir sér
- hafa innsýn í kynni Íslendinga af öðrum hlutum heims fyrir 1800

Rýni

Nemandi á að

- hafa sett sig inn í líf og kjör einstaklinga á tímabilinu, óskir og vonir, og leitast við að meta þetta út frá forsendum hvers tíma
- geta velt fyrir sér tengingum í námsefninu og leitað að þráðum og samhengi
- hafa fengist við heimildarýni, einkum áreiðanleika og gildi heimilda
- hafa tamið sér að leita að upplýsingum sér til gagns og ánægju um það sem er á dagskrá í sögunámi – á bókasafni, á Netinu, með sambandi við jafnaldra heima og erlendis og á fleiri vegu
- hafa vanist mismunandi leiðum við að tjá söguþekkingu sína og -skilning og kunna að velja á milli þeirra, svo sem í rökræðu og frásögn, í ritgerð og á Netsíðum, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu

Áfangamarkmið í sögu við lok 10. bekkjar

1750–1900

Ferming og fullorðinsár

Nemandi á að

- hafa kannað og öðlast þekkingu á aðstæðum, viðhorfum og möguleikum ungs fólks á fermingaraldri, pílta og stúlkna, á dögum sveitasamfélags, einkum á Íslandi
- geta borið niðurstöður sínar saman við nútíma og eigin stöðu

Heimur

Nemandi á að

- þekkja til breytinga á atvinnuháttum og þjóðlífi í grannlöndum og geta borið þær saman við aðstæður á Íslandi
- þekkja valdastöðu Evrópu og samspil hennar við önnur svæði heims

Upphaf sjálfstæðis, lýðræðis og jafnréttis á Íslandi

Nemandi á að

- þekkja sjálfstæðisbaráttuna á Íslandi og geta tengt hana við hugmyndastrauma síns tíma
- þekkja til nokkurra forystumanna í þjóðlífi 19. aldar á Íslandi, einkum Jóns Sigurðssonar, og geta metið hvernig þeir mótuðust af og mótuðu umhverfi sitt
- þekkja til fyrstu áfanga lýðræðis og jafnréttis á Íslandi og geta borið saman við grannlöndin

Sál og líkami; valdir menningarþættir

Nemandi á að

- hafa með árangursríkum hætti unnið verkefni um valda menningarþætti 18. eða 19. aldar, á Íslandi og/eða erlendis

Tuttugasta öld

Ísland í aldarbyrjun; hvaða leið?

Nemandi á að

- hafa skoðað möguleika Íslendinga í byrjun 20. aldar, fylgt einstökum þætti eða samfélagsbreytingum eftir og metið hvort „gengið var til góðs“

Þjóðir í stríði

Nemandi á að

- hafa kynnt sér gang seinni heimsstyrjaldarinnar út frá völdu sjónarhorni, t.d. um hlutskipti einstakra landa, Gyðingaofsóknir eða andspyrnuhreyfingar

Stríðsárin á Íslandi

Nemandi á að

- þekkja nokkra þætti styrjaldaráranna á Íslandi, svo sem hernámið, stofnun lýðveldis og breytingar á menningu og gildismati

Tækni og tjáning

Nemandi á að

- hafa þekkingu á nokkrum tæknibreytingum síðustu hundrað ára og m.a. áhrifum þeirra á tjáningu, boðskipti og listsköpun

Unglingamenning eftirstríðsáranna

Nemandi á að

- hafa kannað og metið ýmsar birtingarmyndir „unglingamenningar“ eftir stríð

Samstaða og átakalínur í landsmálum

Nemandi á að

- hafa kynnt sér veigamikil þjóðmál sem samstaða eða deilur hafa verið um á eftirstríðsárunum; geta gert grein fyrir þeim og rökrætt þau frá mismunandi sjónarmiðum og áttað sig á tengslum þeirra við umheiminn eftir því sem við á

Rýni

Nemandi á að

- geta séð fyrri tíðar fólk sem gerendur sögunnar og ímyndað sér ólíkar stefnur sem sagan hefði getað tekið
- hafa sett sig inn í tíðaranda og í spor fyrri tíðar fólks, einkum jafnaldra, með því m.a. að kanna frumheimildir
- geta séð hvernig atburðir og einstaklingar eru metnir misjafnlega á ólíkum tímum og á ólíkum forsendum
- geta fylgt einstökum efnisþáttum (t.d. viðhorfi til barnavinnu) eftir um langt tímaskeið
- hafa sýnt frumkvæði og skipulagshæfni við öflun upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum um valin málefni tímabilsins
- hafa greint málefni með gagnrýnum huga og komið þeim á framfæri með skapandi, skýrum og fjölbreyttum hætti

LANDAFRÆÐI (5.–10. BEKKUR)

Inngangur

Landafraedin er þverfagleg fræðigrein sem hefur almennt menntunargildi. Hún fjallar um legu, útbreiðslu og tengsl ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar og breytingar þeirra í tíma og rúmi. Greinin fjallar m.a. um og útskýrir samfélagið með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru og veitir yfirsýn yfir lífsskilyrði, lífshætti og lífskjör manna á jörðinni. Sem námsþáttur innan samfélagsgreina gegnir landafraedi hlutverki lykils að tengingu milli manns og náttúru. Vísað er til landfræðilegrar þekkingar í daglegu lífi og rökræðu um úrlausnarefni samtímans, t.d. um þróun og skipulag heimabyggðar, breytingar í ferðaþjónustu landsmanna eða umfjöllun um hnattræn umhverfisvandamál. Þar hefur skólinn það hlutverk að dýpka þekkingu og auka skilning.

Víða er gengið hart að auðlindum jarðar, fólki fjölgar ört og skipting auðæfa heimsins er ekki jöfn. Í vaxandi mæli þurfa menn að vega og meta auðlindanýtingu og umhverfissjónarmið, spá fyrir um þróun og áhrif mannvistar á vistkerfi jarðar og fjalla um álitamál í landnotkun svo að nokkuð sé nefnt.

Íslenskir nemendur búa við einstakar aðstæður. Gjöfular auðlindir skapa landsmönnum sérstakar aðstæður í nokkuð harðbýlu landi þar sem fámenn þjóð hefur byggt upp margbrotið nútímasamfélag sem byggist á hefðum lýðræðis. Þeir eiga að læra að lifa sem virkir einstaklingar í samfélaginu og geta tekið ábyrgar ákvarðanir um líf sitt og umhverfi.

Markmið kennslu í landafraedi er að auka vitund nemenda um umhverfi, samfélag og menningu frá nálægasta sviði til hinna fjarlægari. Leiðin að þessu marki er að þjálfar nemendur í að átta sig á áhrifum menningar, efnahags, stjórnmála og félagslegra þátta í tengslum fólks og umhverfis. Liður í því er að nemendur fáist við orð, tölur og tákni, sem og texta, myndir, gröf, töflur, uppdrætti og kort; einnig að setja niðurstöður athugana skilmerkilega fram.

Að því er stefnt að landafraedin geti orðið nemendum tiltæk þegar leita þarf svara við brýnum spurningum hversdags og framtíðar. Landafraedin á að vera bæði spennandi og skemmtileg námsgrein sem þroskar sköpun hugans og tilfinningar jafnt í leik og alvöru. Gefa á nemendum tækifæri til að greina og túlka landslag og annað umhverfi og átta sig á tengslum milli athafna manna og náttúruvafars jarðar. Það gefur nemendum bæði innsýn og þjálfun í að vega og meta til hvaða aðgerða þarf að grípa til að viðhalda megi auðlindum, ekki einungis Íslands heldur jarðarinnar í heild og tryggja mönnum þannig lífsviðurværi og búsetuskilyrði hér á jörð.

Nám og kennsla

Í þessari námskrá er landafraedin inntaksmiðuð þótt færni-, leikni- og viðhorfamarkmið fái sinn sess þar sem þau snúast að jafnaði um ákveðið inntak. Markmið í landafraedi gera í megindráttum ráð fyrir að á fyrstu þrepum læri nemandinn um hið nálæga og á síðari þrepum um hið fjarlæga.

Nám í landafraedi þarf að gefa nemendum tækifæri til að takast á við viðfangsefni við hæfi og er hvatt til að þeir afli sér þekkingar, skilnings og leikni með fjölbreyttum leiðum þar sem áhersla verði á verkefnavinnu og vettvangsferðir. Í slíkri vinnu er áriðandi að sköpunargleði nemenda fái notið sín. Þeir þurfa að læra að nýta sér margs konar heimildir eins og bækur,

myndbönd og gagnasöfn (t.d. af geisladiskum og af Netinu) og setja niðurstöður sínar fram á skipulegan og skýran hátt, hvort sem er í máli eða myndum.

Áfangamarkmið í landafræði við lok 7. bekkjar

Kort og myndir

Nemandi á að

- kunna að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn, hvort sem er í bókum eða tölvum
- þekkja hnattlíkan, bauganet og tímabelti jarðar
- geta notað kortabækur, kort og hnattlíkön til upplýsingaöflunar og hafa skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi
- kunna skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum
- átta sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- þjálfast í lestri og framsetningu á einföldum töflum og geta sett upplýsingar, sem hann hefur aflað sjálfur, fram á myndrænan hátt
- þekkja helstu tákni sem notuð eru í veðurlýsingu
- þekkja höfuðáttirnar fjórar, tvo undirflokkja þeirra og hvernig þær tengjast skiptingu hrings
- hafa þjálfast í að túlka stöðluð tákni á hefðbundnu staðfræðikorti, s.s. hæðarlínur og landslagsskyggingu
- kynnast einföldum þemakortum og hvernig setja má upplýsingar fram um fjölda eða stærð, t.d. með einu tákni af mismunandi stærð eða að lita afmörkuð svæði með einum lit en misdökkum

Svæði

Nemandi á að

- þekkja valda landfræðilega þætti Íslands, Norðurlanda og Evrópu og hafa aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum
- kunna skil á hugtökum eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á
- þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
- þekkja örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
- geta útskýrt ýmis tilefni þess að fólk ferðast og flytur milli staða
- átta sig á því að loftslags- og gróðurbelti jarðar segja til um það hvar fólk býr, á hverju það lifir og hvernig það klæðir sig
- þekkja til helstu náttúruauðlinda, atvinnuvega, búsetumynsturs, samgöngutækja og lífnaðarháttanna fyrr og nú
- þekkja hvernig náttúran skapar síbreytilegar aðstæður
- þekkja helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru í Evrópu, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- átta sig á hvernig menn móta umhverfi sitt, mikilvægi náttúruverndar og nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála
- þjálfast í að sækja landfræðilegar upplýsingar í gagnasöfn

Áfangamarkmið í landafræði við lok 10. bekkjar

Kort og myndir

Nemandi á að

- átta sig á hvers vegna ógerningur er að sýna yfirborð jarðar rétt á flötu korti
- þekkja helstu gerðir kortavarpna, þ.e. flatar-, keilu- og hólkvörpun, og skilja hvaða atriði stýra því hvaða kortvörpun hentar hverju sinni
- læra að nota bauganet jarðar við nákvæma staðsetningu og hvernig tímakerfi okkar byggist á lengdarbaugunum
- fá yfirsýn yfir hvað litir, letur og tákn merkja á landakortum
- kunna að reikna fjarlægðir út frá mælikvarða korts eða loftmyndar
- þekkja muninn á korti í stórum og litlum mælikvarða
- þjálfast í framsetningu landfræðilegra gagna, t.d. hvernig upplýsingar um hitafar og úrkomu tiltekins staðar í eitt ár má setja fram á loftslagsriti eða hvernig aldurs- og kynskipting fólksfjölda birtist í aldurspíramída
- kynnast gervihnattamyndum af yfirborði jarðar, hvernig þær verða til og til hvers megi nota þær
- læra um möguleika nútímaupplýsingatækni til öflunar og framsetningar landfræðilegra upplýsinga
- læra að þekkja og bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og geta rætt um hvaða þættir hafa áhrif á lífsskilyrði fólks og staðarval

Svæði

Nemandi á að

- öðlast heildarsýn yfir valda landfræðilega þætti á heimsvísu og á Íslandi og geta útskýrt svæðisbundinn mun á þeim
- þekkja þau útrænu og innrænu öfl sem mikilvirkust eru við að mynda og móta yfirborð jarðar
- geta lýst megineinkennum og útbreiðslu fjögurra helstu loftslagsbelta jarðar og hvernig þau tengjast breiddargráðum og dreifingu lands og sjávar um jörðina, megindráttum landslags og ríkjandi vindum
- átta sig á að fólksfjöldi og atvinnustarfsemi hefur áhrif á náttúruauðlindirnar og umhverfið
- átta sig á ýmsum ferlum í náttúrunni og tengslum þeirra og lífs
- þekkja til undirstöðuatríða mannvistar og ólíkra lífshátta og kjara fólks, m.a. vegna ójafnrar dreifingar náttúruauðlinda og ólíkra þjóðfélagshátta
- skilja nauðsyn aðstoðar við þróunarlönd
- þekkja helstu orku- og náttúruauðlindir jarðar og hvernig þær eru nýttar
- þekkja hvað er efst á baugi í umhverfismálum og öðlast skilning á gildi umhverfisverndar heima og á heimsvísu

ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI (8.–10. BEKKUR)

Inngangur

Á lokastigi grunnskóla er staldrað við og hugað að stöðu nemandans að loknu skyldunámi sínu. Fram undan er ákvörðun um frekara nám eða störf, síðan fjárræði, sjálfræði, kosningaréttur – og fullorðinsár. Í sögu og landafræði hefur nemandinn skoðað heiminn í nútíð og fortíð en nú skal litið nær og spurt: Hver er ég? Hver eru réttindi mín og skyldur? Hverjir ráða í samfélaginu? Og hvernig erum við stödd í heiminum, við sem búum á Íslandi? Þetta eru spurningar sem fengist er við í fræðigreinum á borð við sálfræði, heimspeki, félagsfræði og stjórnmálafræði. En hér verður ekki einungis spurt á forsendum fræðigreina heldur nemendanna sem sjálfir fá að leggja til spurningar og leita svara sem ekki eru öll gefin fyrir fram. Í leit að svörum koma þessar fræðigreinar og fleiri að gagni en vænlegast er að nemendur fari á stúfana og taki spurningunum sem verkefnum sem leita þarf svara við undir leiðsögn og með leiðbeiningu kennara.

Nám og kennsla

Þjóðfélagsfræði er samþætt samfélagsgrein á lokastigi grunnskóla en stendur félagsfræði næst af fræðigreinum og fléttast saman við landafræði og sögu og aðrar samfélagsgreinar. Vettvangs- og skoðunarferðir á Alþingi, á sveitarstjórnarfundum, til lögreglunnar og fleiri aðila geta fengið aukið gildi ef þær eru tengdar beint við þessa kennslu. Ýmsir efnisþættir eru skyldir því sem tekið er fyrir í lífsleikni og samþætting við hana því augljós.

Þjóðfélagsfræðin á að vekja nemendur til umhugsunar um stöðu sína, ábyrgð og tækifæri í þjóðfélaginu. Hún þarf því að miðast við áhugamál þeirra og hugarheim. Þjóðfélagsfræði á að vera vekjandi og skapandi námsþáttur þar sem nemendur öðlast þekkingu og færni með því að fást við nærtæk efni sem varða tilveru þeirra hér og nú með því að kanna málefni og leita svara. Námsmatíð verður því að vera í sama anda.

Viðfangsefni þjóðfélagsfræðinnar eru sett fram undir nokkrum fyrrisögnum þar sem teknir eru saman skyldir þættir. Þau eru ekki birt hér í sérstakri röð.

Sjálfsmynd

Hér er boðið upp á sjálfsskoðun nemenda með stuðningi af sálfræði og félagsfræði. Sjálfsmyndin varðar upplag, væntingar, uppeldi og aðstæður, þar á meðal heimabyggð og þjóðerni. Rétt er að gæta þess að kennsla gangi ekki of nærri nemendum og einkalífi þeirra.

Réttindi og skyldur

Lög og reglur setja aldursmörk sem gilda um fjárforræði, útivist, skólagöngu, vinnu og fleiri þætti réttinda og skyldna. Nærtækt er að unglingar kynni sér reglusamfélagið sem þeir búa í og ræði gildi þess og grundvöll.

Borgaravitund og lýðræði

Kennsla í borgaravitund hefur það meginmarkmið að auka færni ungs fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín, skyldur og ábyrgð. Ýmis nærtæk mál og almenn samfélagsumræða getur opnað sýn á stjórnkerfið, réttindi, s.s. kosningarétt, skyldur og ábyrgð einstaklingsins í lýðræðissamfélagi.

Samastaður í heiminum

Íslendingar hafa alla tíð velt fyrir sér kostum þess og göllum að búa í landi sínu og stöðu sinni í heiminum. Hér er litið til margra þátta í náttúru og menningu, m.a. hugað að möguleikum þjóðarinnar í samrunaferli Evrópu.

Efst á baugi

Eitthvert brýnt og vekjandi málefni líðandi stundar er brotið til mergjar og í leiðinni þarf að grannskoða og meta upplýsingamiðla samtímans.

Áfangamarkmið í þjóðfélagsfræði við lok 10. bekkjar

Sjálfsmynd

Nemandi á að

- hugleiða hver hann er í augum sjálfs sín og annarra
- hugleiða hvernig sjálfsmynd hans verður til
- hugleiða hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur
- velta fyrir sér kostum og göllum þess að vera „eins og hinir“
- geta gert upp við sig hvað mestu máli skiptir í lífinu

Réttindi og skyldur

Nemandi á að

- kanna hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athuga hvernig reglunum er framfylgt og ræða réttmæti þeirra
- hugleiða hvort réttlátt er og skynsamlegt að allir séu skyldaðir til að vera í skóla í tíu ár
- ímynda sér hóp eða samfélag þar sem engar gefnar reglur gilda og hvernig slíkt samfélag myndi þróast
- gera sér grein fyrir hvað felst í kosningarétti
- fjalla um réttindi og ábyrgð einstaklingsins í lýðræðissamfélagi

Borgaravitund og lýðræði

Nemandi á að

- kynnast og hugleiða stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni
- fjalla um hlutverk Alþingis, þrískiptingu ríkisvalds, stjórnarskrá, sveitarstjórnir og hagsmunasamtök
- kynnast alþjóðlegum sáttmálum og skuldbindingum sem Íslendingar hafa samþykkt, s.s. Mannréttindafirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Ríóyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum
- fjalla um og öðlast skilning á mannréttindum og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- fjalla um mikilvægi þess að vera virkur þátttakandi í samfélaginu með lýðræðislegum aðferðum og umræðu og að efla með sér borgaravitund

Samastaður í heiminum

Nemandi á að

- hugleiða og skilgreina hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi
- greina hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með
- meta möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum
- fjalla um íslenskt samfélag í alþjóðlegu samhengi með tilliti til fjölmennningar og alþjóðavæðingar

Efst á baugi

Nemandi á að

- fjalla um valin málefni sem rætt er um í fjölmiðlum
- finna leiðir til að afla sér og vinsa úr upplýsingaefni
- meta upplýsingar á gagnrýninn hátt
- koma niðurstöðum sínum á framfæri með fjölbreyttum hætti
- öðlast færni í tjáskiptum og rökræðu

VIÐAUKI

Dæmi um þrepamarkmið í samfélagsfræði

Þrepamarkmið í samfélagsfræði, 1. bekkur

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

Nemandi

- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- skilji mikilvægi reglna í skólanum alveg eins og í umferðinni og í samskiptum fólks
- þjálfist í að taka þátt í að setja reglur sem gilda í skólastofunni og samskiptum nemenda
- þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum

Skóli og heimabyggð

Nemandi

- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara
- þekki nokkur örnefni, kennileiti og sögustaði í nágrenni skólans – einkum frá landnámsöld

Land og þjóð

Nemandi

- læri hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr og að aðrar þjóðir eiga líka þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja
- kynnist nokkrum þjóðsögum úr heimabyggð
- greini samspil manns og náttúru með tilliti til búsetu, atvinnu fólks og myndunar þéttbýlis
- þekki frásagnir af landnámsmönnum í heimabyggð

Umheimurinn og nánasta umhverfi

Nemandi

- þjálfist í að nota heimildir eins og bækur og myndbönd sem fjalla um fólk í ólíkum heimshlutum
- viti hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf hans, s.s. á klæðnað og leiki
- kundi að lýsa veðureinkennum árstíða og hvers má vænta á hverjum tíma, t.d. að kalt er á veturna en heitara á sumrin, tré fella lauf á haustin en brum vex á ný á vorin
- átti sig á að vegna snúnings jarðar skiptast á dagur og nótt
- þekki staði í nágrenni heimilis síns, s.s. heiti gatna, verslana, áa og fjalla
- átti sig á að byggingar eru notaðar á ólíkan hátt, s.s. sem heimili, verslanir, verksmiðjur og kirkjur

- geti lýst því hvernig fólk ferðast t.d. frá og til skóla, verslana eða vina og ættingja (t.d. með einkabíl, almenningsvagni, á hjóli eða gangandi)
- þekki örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
- þekki örnefni stórra landforma í nágrenninu (s.s. nöfn fjarða, fjalla, voga, dala og heiða)
- þjálfist í að greina hvað er líkt og hvað ólíkt við það hvernig fólk notar landið og við hvað fólk vinnur
- geti farið eftir munnlegum leiðbeiningum (vegvísun) t.d. við að rata um skólann og skólalóðina og notað við það hugtök eins og hægri, vinstri, upp, niður, fram og aftur
- skoði loftmynd og kort af heimabyggðinni og geti þekkt einstök hús, s.s. heimilið og skólann, og kennileiti í umhverfinu
- læri hvað helstu tákn á korti standa fyrir
- skoði hnattlíkan og þekki hvað er sjór og megineinkenni landslags

Heimsbyggð

Nemandi

- kynnist því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum
- læri um ólíka siði og venjur í heiminum, t.d. með því að heyra frásögn nýbúa af siðum í framandi landi

Tími

Nemandi

- greini upphaf, miðju og endi í frásögn og geti raðað atburðum í tímaröð, t.d. með hjálp spila og leikja
- þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- læri að nota dagatal
- verði handgenginn algengum tímahugtökum eins og fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni, fortíð, nútíð, framtíð

Rýni og tjáning

Nemandi

- átti sig á muninum á sannsögu og skáldsögu, t.d. með því að bera eigin reynslu saman við skáldsögu eða ævintýri
- kanni aðstæður og fyrirbæri og skrái athuganir sínar í máli eða mynd í sögubók
- læri hvernig upplýsingar um liðna tíð er að hafa í gömlum ritum en að sagan hafi verið til löngu áður en ritmál varð til; kynnist einnig nokkrum dæmum um fornleifar, t.d. beinum dýra og manna
- fái að upplifa söguna í gegnum áþreifanlega hluti, svo sem byggingar, minnismarki, sögustaði í náttúrunni og gamla muni
- öðlist skilning á gildi þess að kynnast fyrri tíð með samtölum við eldra fólk
- kynnist því hvernig sagan er allt í kringum okkur og við erum hluti af henni
- fái þjálfun í að flytja mál sitt skýrt og skipulega og hlusta á aðra

- túlki atburði t.d. í leik, myndsköpun, tali, texta, söng eða leikrænni tjáningu fyrir bekkjarfélagi og foreldra

Prepamarkmið í samfélagsfræði, 2. bekkur

Sjálfsmýnd og félagslegt umhverfi

Nemandi

- læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi og þjóðfélagi og að því fylgir ábyrgð
- þekki hlutverk einstaklinga í fjölskyldu, t.d. með því að hugleiða stöðu sína í eigin fjölskyldu
- athugi og ræði stöðu og ábyrgð beggja kynja í fjölskyldum
- átti sig á hlutverki fjölskyldunnar í samfélagi manna
- þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi

Skóli og heimabyggð

Nemandi

- fái nokkra innsýn í skólastarfið, t.d. með heimsóknnum í eldri bekk skólans
- geri sér ljóst hvað felst í hugtakinu grunnskóli
- þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur tengdar Íslendingasögnum í heimabyggð
- þekki sögur eða frásagnir tengdar heimabyggð

Land og þjóð

Nemandi

- þekki íslenska fánann og hvað litir hans tákna, skjaldarmerki Íslands og söguna af landvættunum
- læri um hlutverk nokkurra þjónustustofnana í samfélaginu, svo sem skóla, sjúkrahúsa og lögreglu
- kynnist Íslendingasögum og verði kunnugur nokkrum persónum í þeim, einkum úr heimabyggð eftir því sem við á
- kynnist nokkrum dæmum um störf til sjávar og sveita

Umheimurinn og nánasta umhverfi

Nemandi

- skilji að flest heimili eru hluti þéttbýlis sem er mismunandi að stærð og lögun, t.d. þorp, bæir og borgir
- fái yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn
- átti sig á að í einu ári eru 12 mánuðir, að í einum mánuði eru 28–31 dagar og að í einum sólarhring eru 24 klukkustundir
- kynnist dæmi af því hvernig fólk hefur breytt umhverfi sínu, t.d. með því að leggja vegi, byggja hús, rækta land og grafa skurði
- kanni hvernig lega landsins og hafið umhverfis það hefur áhrif á búsetu, samskipti og samgöngur við önnur lönd
- átti sig á landfræðilegum áhrifum á mótun samfélags, t.d. myndun þéttbýlis

- kynnist mun á dreifbýli og þéttbýli
- kynnist hugtökum eins og miðbaugur, norður- og suðurpóll
- þekki höfuðáttirnar fjórar á hnattlíkani og þjálfist í að rata eftir þeim, t.d. í ratleik á skólalóðinni
- kanni kunna staði úr sínum landsfjórðungi á kortum og myndum
- geti rætt um fjarlægðir á korti og myndum með hugtökum eins og nær, fjær, lengra og styttra
- búi til einfalt kort af nánasta umhverfi sínu, t.d. leiðinni í skólann og út í búð

Heimsbyggð

Nemandi

- fræðist um nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma helst og nokkrar ástæður þess að þeir hafa flust hingað
- átti sig á mikilvægi samskipta Íslands við útlönd, bæði efnahagslega og menningarlega
- geri sér grein fyrir að til eru mismunandi menningarsvæði, siðir, venjur og trúarbrögð í heiminum

Tími

Nemandi

- skilji tímahugtök tengd árstíðum og gangi himintungla, svo sem sólarhringur, skammdegi og jafndægri
- þjálfist í að segja frá atburðum í tímaröð, t.d. með því að hlusta á frásögn og endursegja

Rýni og tjáning

Nemandi

- fái þjálfun í að skrá atburði og athuganir skipulega í sögu- eða atburðabók
- fái þjálfun í að skrá dagbók, t.d. hvað gert hefur verið í skólanum yfir daginn
- fái æfingu í að vinna með öðrum að afmörkuðu verkefni
- fái tækifæri til að lifa sig inn í atburði eða umhverfi með því að búa til veruleika í samvinnu við aðra, t.d. sögusvið í sveit, bæ eða borg, á sjúkrahúsi, í skóla eða úr bók sem lesin hefur verið í bekknum
- kynnist margbreytileika mannlífs og geri sér ljóst að til eru margar þjóðir og kynþættir í heiminum, t.d. með því að heyra frásögn nýbúa af framandi siðum, skoða myndir af ólíku fólki og umhverfi úr myndasafni eða í dagblöðum og tímaritum, taka eftir fréttum af fólki í útvarpi og sjónvarpi eða leita á Netinu
- þjálfist í að hlusta og endursegja
- fái þjálfun í að miðla upplýsingum í samhengi og ákveðinni röð, t.d. tímaröð

Prepamarkmið í samfélagsfræði, 3. bekkur

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

Nemandi

- fá innsýn í fjölskyldulíf fyrir 1–2 mannsöldrum, t.d. með viðtölum við eldra fólk í eigin fjölskyldu, gömlum ljósmyndum, kvikmyndum eða öðrum heimildum
- geri sér ljóst að sérhvert mannlegt samfélag setur sér lög og reglur og að til eru landslög og alþjóðareglur
- kynnist því að börn búa við ólíkar efnahagslegar og félagslegar aðstæður í heiminum
- þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem á að tryggja öllum börnum ákveðin sameiginleg réttindi

Skóli og heimabyggð

Nemandi

- þekki til sögu skólahússins og nokkurra atriða í skólasögu heimabyggðar, t.d. hvernig skólahaldi var háttað í bænum, sveitinni eða hverfinu áður en skólinn var byggður og hvenær fyrsti skólinn var stofnaður
- kynnist og læri sögur tengdar örnefnum, sögustöðum eða sögulegum byggingum í heimabyggð eftir að tímabili Íslendingasagnanna lýkur

Land og þjóð

Nemandi

- skilji hlutverk þjóðsöngsins og þjóðhátíðardagsins
- þekki mikilvægar stjórnarsýslustofnanir eins og Alþingi, forsetaembættið, stjórnarráð og Hæstarétt
- fræðist um hlutverk og gildi Þingvalla í sögu og samtíð
- verði kunnugur nokkrum völdum persónum og atburðum úr Íslandssögunni frá miðri 11. öld til loka 18. aldar; áhersla á heimabyggð eftir því sem við á
- átti sig á tengslum framleiðslu og þjónustu með því að kynnast framleiðsluferli vöru frá framleiðanda til neytanda, t.d. mjólkur
- kynnist atvinnuvegum sem standa á gömlum grunni og kanni hvernig fjölbreytni í atvinnulífi hefur aukist
- kynnist mismunandi störfum fólks, t.d. með kynningu á störfum foreldra í bekknum

Umheimurinn og nánasta umhverfi

Nemandi

- átti sig á að vatn áa kemur af stóru svæði og þær renna allar að lokum til sjávar eða í stöðuvötn
- átti sig á því að fólk ferðast af ýmsum ástæðum og er mislengi í ferðum sínum t.d. á leið til skóla, í heimsóknir til ættingja eða sumarleyfi til fjarlægari staða
- kanni nokkra þætti samgangna, bæði einstök samgöngukerfi og tegundir samgöngutækja

- fjalli um landfræðileg hugtök, s.s. fjall, fjörður, dalur, strönd, hálendi, jökull og vatn, og hvernig þau eru táknuð á korti
- skrái skipulega upplýsingar um veðrið í stuttan tíma, noti hugtök sem lýsa veðrinu (t.d. heitt, kalt, rok, logn) og tiltaki tímabil (t.d. dagur, vika, mánuður)
- átti sig á í hvaða formi vatn finnst í náttúrunni, t.d. að vatn er vökvi í rigningu, þoku og skýjum, ám og vötnum en er ís í hagli, frosti og snjó
- lýsi landnotkun í heimabyggðinni, t.d. hvar eru íbúðarhús, verslanir, samgönguleiðir, landbúnaður og iðnaðarstarfsemi
- viti hvað í náttúrunni umhverfis hann er viðkvæmt og gæti þurft sérstakrar verndunar við
- kynnist hvernig flokkun sorps er liður í endurnýtingu hráefna og þar með náttúruvernd
- kannist við helstu jarðhræringar sem verða á Íslandi, s.s. eldgos og jarðskjálfta
- kynnist völdu svæði eða stað í nágrenninu með því að teikna einfalt kort með eigin táknum fyrir t.d. tré, leikvöll og byggingar
- þekki kunna staði á Íslandi á korti og myndum
- þekki á Íslandskorti hvar hann á heima
- læri að lesa staðsetningu af korti með grófum rúðum (t.d. með níu rúðu neti á blaðinu og finni t.d. að fjársjóð er að finna í reit 3A)
- læri að greina algeng fyrirbæri á loftmynd af nánasta umhverfi, s.s. vegi og byggingar
- mæli og beri saman vegalengd í beinni loftlínu milli heimilis og skóla og heimilis og leikvallar, t.d. með reglustiku eða bandspotta
- finni heimabæ/sveit sína á korti í stórum mælikvarða (t.d. 1:25 000 eða 1:50 000) og Ísland á heimskorti
- greini fyrirbæri á loftmynd í stórum mælikvarða og finni þau svo á korti í svipuðum mælikvarða
- fái þjálfun í að lesa úr einföldum töflum, t.d. sjónvarpsdagskránni
- þekki helstu veðurtákn sem notuð eru við veðurlýsingar og geti notað þau við kynningu á niðurstöðum eigin mælinga á hita, vindi og úrkomu

Heimsbyggð

Nemandi

- verði fróðari um vesturferðirnar fyrir og um 1900 og búsetu Íslendinga erlendis nú
- kynnist frásögnum af frægum landkönnuðum eins og Eiríki rauða, Leifi Eiríkssyni og Kólumbusi

Tími

Nemandi

- geti raðað þekktum fyrirbærum í tímaröð, t.d. jörðin verður til, risaeðlur búa á jörðinni, fyrstu mennirnir setjast að á Íslandi, amma fæddist, ég fæddist o.s.frv.
- læri að teikna tímaás og raða nokkrum þáttum á hann, t.d. áföngum í eigin lífi

Rýni og tjáning

Nemandi

- fái þjálfun í að flokka fyrirbæri, bera saman, tengja, leita orsaka og greina afleiðingar, t.d. eftir vettvangsathugun
- kynnist kostum samvinnu, að margir afli upplýsinga og að mismunandi hæfileikar innan hópsins nýtist við að miðla upplýsingum (einn er góður að semja, annar að skrifa, teikna o.s.frv.)
- læri að greina á milli eigin reynslu og reynslu annarra, t.d. með því að bera saman frásögn sína og annars bekkjarfélaga af atburði eða upplifun
- fái að kynnast sögunni í gegnum viðtöl við eldra fólk eða með því að hlýða á frásagnir þess um liðna atburði
- fái að kynnast sögunni í gegnum ljósmyndir, kvikmyndir og með heimsókn á listasafn eða minjasafn
- geti sagt dæmi af mismunandi siðum og venjum í heiminum, t.d. í borðhaldi og hátíðahaldi, og öðlist virðingu fyrir menningu annarra þjóða
- fái að tjá sig um frásagnir eða fréttir í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi
- þjálfist í að flytja mál og svara fyrirspurnum um efnið
- læri að hlusta á aðra og bera fram spurningar um efnið

Prepamarkmið í samfélagsfræði, 4. bekkur

Sjálfsmýnd og félagslegt umhverfi

Nemandi

- þekki nokkra drætti í breyttri stöðu kynjanna, barna, unglunga og aldraðra og geti rætt hvernig þessar breytingar koma fram í fjölskyldum
- beri fjölskyldulíf nú hér á landi saman við það sem gerist annars staðar og á öðru tímaskeiði sögunnar
- öðlist skilning á því að hvaða leyti fjölskyldan er grunneining í samfélagi manna og hvaða samannlegum þörfum hún sinnir

Skóli og heimabyggð

Nemandi

- þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu, svo sem heimafræðslu, farskóla og heimavistarskóla
- þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar, t.d. byggingarframkvæmda og fleiri manngerðra breytinga á umhverfinu

Land og þjóð

Nemandi

- þekki íslenskar þjóðsögur og lesi úr þeim fróðleik um íslenska þjóðtrú og þjóðhætti fyrir á öldum
- þekki nokkrar valdar persónur og atburði úr Íslandssögunni frá 19. og 20. öld; áhersla á heimabyggð eftir því sem við á
- kynnist áföngum á leið Íslands til sjálfstæðis

- geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímaskeiði, t.d. á síðustu öld
- öðlist skilning á því hvað hafið og lega landsins hefur haft að segja um lífsafkomu þjóðarinnar fyrir og nú

Umheimurinn og nánasta umhverfi

Nemandi

- kanni og útskýri af hverju er þéttbýlt á sumum stöðum en ekki öðrum
- læri að lýsa megineinkennum veðurfars á köldum pólsvæðum, heitum og þurrum eyðimörkum og heitum og rökum regnskógum
- fái þjálfun í að greina landnotkun fyrir utan heimabyggðina og segja fyrir um hver áhrif hennar eru á líf fólksins þar, t.d. hver munurinn er á landnýtingu í sveit og borg eða í sjávarþorpi og þorpi inn til lands
- þjálfist í að lýsa algengum afleiðingum náttúruhamfara eins og jarðhræringa á daglegt líf fólks með hjálp t.d. bóka, ljósmynda, myndbanda og gagnasafna
- átti sig á að jörðinni er skipt upp í tímabelti og lengdar- og breiddarbauga
- átti sig á hreyfingu jarðar umhverfis sólu og að það veldur árstíðaskiptum
- skilji að útlit tunglsins fer eftir afstöðu jarðar, tungls og sólar
- átti sig á að flest heimili eru hluti af ákveðinni byggð sem getur haft ólík einkenni, s.s. þéttbýli, dreifbýli, sjávarbyggð, uppsveitir
- þekki þróun búsetu í eigin heimabyggð
- átti sig á áhrifum búsetu á umhverfi
- kannist við í sjón og þekki hugtök yfir smærri landform eins og skurður, skagi, sund og fell
- kannist því hvernig fólk ferðast og af hverju
- kannist dæmum um það hvers vegna fólk flytur milli staða
- læri að nota kort af nánasta umhverfi sínu til að komast leiðar sinnar, t.d. í ratleik
- læri að nota efnisyfirlit og atriðisorðaskrá í kortabókum til að finna tilteknar upplýsingar
- afli einfaldra upplýsinga eins og hvert nemendur í bekknum fóru í sumar og setji fram á myndrænan hátt, t.d. með einföldu súluriti
- þjálfist í að lesa úr einföldum töflum eins og leiðatöflu strætisvagna
- læri að þekkja og finna á hnattlíkani og/eða korti heimsálfurnar og úthöfin
- átti sig á megineinkennum landslags af korti, t.d. með hvaða litum láglandi og hálendi er oftast táknað á landakorti

Heimsbyggð

Nemandi

- kanni og geti gert grein fyrir nokkrum uppfinningum og tækninýjungum og áhrifum þeirra á samgöngur og samskipti í heiminum, t.d. gufuvél, bíl, flugvél, prenttækni, rit- og talsíma, gervitunglum og tölvutækni
- beri saman ólík menningarsvæði í heiminum, t.d. í köldu og heitu loftslagi

Fornsaga

Nemandi

- geti sagt frá og rætt hugmyndir manna um upphaf og þróun mannsins, t.d. í Biblíunni, norrænni og grískri goðafræði og samkvæmt þróunarkenningu Darwins
- kynnist dæmum um fornleifar og fornminjar og meti hvaða upplýsingar þær geta veitt um sögu mannsins, t.d. um steinaldarmenn og menningu fornaldar
- kynnist frásögnum af fornspekingum og þekki nokkra þeirra, t.d. Sókrates, Platón og Aristóteles
- geti rakið meginatriði í nokkrum fornklassískum og norrænum goðsögum, t.d. um Ódysseif, Trójuhestinn, hamar Þórs, Útgarda-Loka og Miðgarðsorm

Tími

Nemandi

- greini hvenær skipt er um tímasvið í frásögn og geti greint hvenær atburðir gerast, á undan eða eftir öðrum eða samtímis
- geri sér grein fyrir að sögunni er skipt niður í tímabil, t.d. steinöld, fornöld, landnámsöld og miðaldir og læri tímatalstáknin f.Kr. og e.Kr.

Rýni og tjáning

Nemandi

- öðlist skilning á gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunnis, læri á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og ráði við að finna bók á bókasafni
- þekki mismunandi leiðir til að afla sér upplýsinga, t.d. í bókum, dagblöðum og tímaritum, tölfræðigögnum, á kortum, á Netinu, hjá fræðimönnum eða öðrum einstaklingum
- fái innsýn í söguna í gegnum bókmenntir, svo sem goðsögur, þjóðsögur, Íslendingasögur, skáldsögur, æviminningar og dagbækur
- fái innsýn í söguna gegnum ljósmyndir, kvikmyndir, tölvuleiki og með heimsókn á minjasafn
- fái að lifa sig inn í söguna með því að endurskapa veruleika með öðrum, t.d. að skapa ímyndað land með bekkjarfélögunum, nema það og búa til samfélag
- þjálfist í að flytja mál sitt, svara fyrirspurnum, rökræða niðurstöður sínar og taka gagnrýni
- komi kunnáttu sinni á framfæri munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og/eða leikrænni tjáningu við bekkjarfélaga, foreldra eða aðra

Dæmi um þrepamarkmið í sögu

Þrepamarkmið í sögu, 5. bekkur

Frá fornöld til kristnitöku

Á yngsta stigi var skyggst inn í heim fornaldar og nú er þráðurinn spunninn áfram og litast um í hinu víðfeðma Rómaveldi. Þar er sjónum beint að nýjum þræði sem er kristinn síður, upprunninn meðal Gyðinga og mótaður af menningu Grikkja og Rómverja. Eftir daga Rómaveldis er fetað í fótspor víkinga á norðurslóð, fylgst með hvernig leið þeirra lá til Íslands og sögur spunnust af landnámi þeirra á þessari norðlægu eyju. Kristnin sunnan frá Miðjarðarhafinu kemur í kjölfar þeirra og sögu á þessu námsári lýkur þegar Íslendingar játast hinum nýja síð á Alþingi.

Áherslan í þessum efnisþáttum er síður á formlegar stofnanir, ríki og stjórnsmál; frekar á mannlíf og menningu, lífsbjörg og síði. Til þess henta frásagnaraðferðir, skapandi vinnubrögð af ýmsu tagi og upplýsingatækni. Námsmat verður að taka mið af þessu. Samþættingarkostir eru einkum við kristin fræði og myndlist.

Róm og kristni

Nemandi

- geri sér grein fyrir umfangi rómverska veldisins þegar það var sem stærst, t.d. með því að fylgja leiðum á sjó og landi, á korti eða öðrum myndrænum miðlum
- kynnist nokkrum kennileitum rómverska ríkisins, svo sem byggingum og borgum
- þekki til Ágústusar keisara og tengsla hans við jólaguðspjallið
- kanni aðstæður meðal Gyðinga undir rómversku valdi
- komist að því hvernig kristnin skaut rótum í Rómaveldi
- geri sér grein fyrir útbreiðslu kristinnar trúar og þýðingu Rómar í því sambandi
- *þversnið*: skapi sér mynd af mannlífi í Rómaveldi með því að leita upplýsinga á Netinu og víðar um líf og list í Pompei

Víkingar í norðri

Nemandi

- kynnist lýsingum fornhöfunda á þjóðum og löndum í norðri, m.a. á Thule
- kanni nokkur kennileiti steinaldar, bronsaldar og járnaldar á Norðurlöndum og spái í merkingu þeirra
- *þversnið*: fari könnunarferðir um heimaslóðir víkinga, þ.e.
 - leiti sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti um valda þætti víkingatímans (um 800–1050)
 - kynni afraksturinn með leikrænni tjáningu, frásögnum, myndverkum eða á annan skapandi hátt

Frá landnámi til kristni

Nemandi

- læri sögur af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum, þar á meðal í heimabyggð

- kynnist og lesi kafla úr Landnámu, Íslendingabók og Íslendingasögum
- kynnist fornleifafundum, vitnisburði ritaðra heimilda og nokkrum álitamálum um fyrstu skeið byggðar á Íslandi
- hugleiði kosti og gæði landsins frá sjónarhóli landnámsmanna
- kanni skiptingu landsmanna eftir stéttum, stöðu og atvinnugreinum, svo sem í frjálst fólk og ófrjálst, goða og bændur, konur og karla, handverksmenn og fjölvísar konur
- læri hvernig landinu var skipt í fjórðunga og goðorð, hvernig Alþingi kom til sögunnar og hvernig lögum var skipað í landinu
- öðlist skynbragð á trú og siði fyrir kristnitöku
- geri sér grein fyrir því hvernig kristni barst með ýmsum hætti norður á bóginn, allt til Íslands og Grænlands
- kynnist hefðbundinni sögu af kristnitöku á Alþingi
- geti velt fyrir sér þýðingu kristnitökunnar

Rýni

Nemandi

- fái tilfinningu fyrir sögulegum minjum og frumheimildum af ólíku tagi, svo sem myndum, mannvirkjum og texta
- beiti ímyndunarafli og gagnrýni við að lesa úr þessum minjum
- geti fylgt ákveðnum efnisþætti (kristni) sem leiðarstefi gegnum ólík landsvæði og tímabil

Prepamarkmið í sögu, 6. bekkur

Miðaldir; um 1000–1550

Með kristnitöku er Ísland komið í fastari tengsl við miðaldarþjóðfélag í Evrópu. Miðaldir er hugtak sem mikið er notað og er látið ná yfir tímabilið til um 1500 eða 1550 ef miðað er við siðbreytingu á Íslandi. Hér er ætlunin að nemendur kynnist fjölbreytilegum þáttum mannlífs og menningar á tímabilinu og komist í kynni við nokkra einstaklinga. Snorri Sturluson er einn þeirra og er hann hér hafður sem lykill að samtíma sínum á Íslandi. Til þess hentar hann á margan veg, ekki síst vegna þess að miklar heimildir eru til um hann og eftir hann. Hann var þátttakandi í stjórnámálum samtímans og tengdist konungshirð í Noregi. Ævi hans vekur spurningar um hlutskipti barna og kvenna, höfðingja og kotunga, um fátækt og ríkidæmi, frið og ófrið. Skrif Snorra og líf spannar vítt svið íslensks miðaldasamfélags og opnar sýn til fornmenntaheims í Evrópu. Þaðan er skyggst inn í fjölbreytni mannlífs víða um heim og hugað að samskiptum og tengslum milli þjóða og menningarheilda. Lok miðalda eru að venju sett þar sem Evrópumenn sigla yfir heimshöfin og álfurnar tengjast með afdrifaríkum hætti.

Efnið er umfangsmikið en úr hverjum kafla má velja eftir þeim gögnum, kunnáttu og áhuga sem fyrir hendi er á hverjum stað. Ýmsum kennsluáðferðum er hægt að beita, t.d. hentar efnið vel til verkefnavinnu af ýmsu tagi þar sem hægt er að skyggast í frumheimildir. Myndsköpun og leikræn tilpróf eiga vel heima þegar nemendur koma efninu á framfæri.

Samþættingarkostir: Einkum íslenska og landafræði.

Íslenskur miðaldahöfðingi

Nemandi

- kanni hve þekktur Snorri Sturluson er, hvar nafni hans er haldið á lofti og á hvern hátt (á vefsíðum á Netinu, ritum á bókasafni, myndum, styttnum o.fl.)
- kynnist nokkrum atriðum í lífshlaupi Snorra, einkum fóstri hans í æsku, kvonföngum, ríkidæmi, stjórn málaafskiptum, ritstörfum og sambandi hans við konungshirð í Noregi
- setji sig í spor Snorra sem settur var í fóstur á unga aldri
- kynni sér konur í lífi Snorra (eiginkonur, frillur, dætur) og meti stöðu þeirra og svigrúm í ljósi hagsmuna, siðvenju og tilfinninga
- finni í hverju ríkidæmi Snorra fólst
- kanni á hverju vald og áhrif Snorra byggðust
- kynni sér stöðu og hlutverk Snorra við norsku hirðina og konungshugmyndir hans og samtímamanna hans
- geti hugleitt að hvaða marki vitneskja um höfðingjann Snorra og menntamanninn getur verið lykill að lífi og tilveru annarra á hans tíð
- *þversnið*: komist í kynni við rit Snorra Sturlusonar, kanni um hvað þau fjalla, lesi sýnishorn úr þeim og meti gildi þeirra

Miðaldamannlíf á Íslandi

Nemandi

- geri sér ljóst hvaða vandkvæðum það er bundið að skapa sér mynd af hversdagslífi og viðhorfum almennings á fyrri öldum
- spái í brotakenndar lýsingar á amstri og gleðiefnum alþýðu á Íslandi á miðöldum
- kanni hugmyndir um heimili á Íslandi með hliðsjón af lífsbjörg (framleiðslu og aðföngum), húsakosti og heimilisfólki
- leiti merkja um áhrif kristni, klaustra og kirkju á menntir, hugarfar og lög í landinu
- komist að því hvaða hlutverki ættir og blóðhefndir gegndu í samfélaginu
- kynnist dráttum í formlegu stjórnkerfi landsins
- finni hvað helst var selt úr landi af framleiðsluvörum og hvaða breytingar urðu á útflutningsgreinum á tímabilinu
- velti fyrir sér (t.d. í skáldaðri sögu) möguleikum einstaklinga af ýmsum stigum til að hafa áhrif á tilveru sína, t.d.
 - þræla til að öðlast frelsi
 - kotunga til að fá að lifa í friði
 - kvenna til að beita sér í hjónabandi og sem frillur eða ekkjur
 - barna til að lifa og leika sér
 - höfðingja til að auka völd sín og áhrif og/eða stilla til friðar
 - biskupa til að bæta siðferðið

Svipmyndir, þversnið

Nemandi

- kynni sér riddaralíf á miðöldum, í veruleik og skáldskap

- kynni sér valin myndverk, t.d. Bayeux-refilinn, kalkmálverk í dönskum kirkjum, Valþjófsstaðahurðina eða dómsdagsfjalirnar í Flatatungu
- kynni sér pílgrímsferðir Íslendinga til Rómar og Jerúsalem
- kunni deili á siglingum norrænna manna til Grænlands og Ameríku
- kanni svartadauða í Evrópu, þar á meðal á Íslandi
- kynni sér ferðir Marcos Polos til Kína
- kanni Inkaríkið í Suður-Ameríku
- fái mynd af konungsveldum og mannlífi í Vestur-Afríku, einkum út frá ferðalýsingum Ibn Battúta

Heimsálfur tengjast

Nemandi

- læri um siglingar og langferðir á miðöldum, t.d. norrænna manna til Grænlands og Vesturheims og Kínverja til Afríku
- kynnist siglingum Portúgala og Spánverja um heimshöfin, m.a. til Ameríku og suður fyrir Afríku
- kanni nokkrar af þeim umbreytingum sem fylgdu í kjölfar landafunda, svo sem
 - hvernig sjúkdómar frá gamla heiminum felldu frumbyggja Ameríku
 - hvernig sóttkveikjur frá Ameríku herjuðu á Evrópu
 - hvernig Afríkubúar voru seldir í þrældóm til Ameríku
 - hvernig nytjajurtir og góðmálmur höfðu áhrif á lífsbjörg og valdahlutföll í Evrópu
 - hvernig Evrópa styrkti stöðu sína

Rýni

Nemandi

- leitist við að meta breytni og tilfinningar fyrri tíðar fólks út frá forsendum þess
- velti fyrir sér tengingum og samhengi í námsefninu, m.a. milli einstaklinga og hópa, milli höfðingja og almennings, Íslands og útlanda, þess sem einstakt er og þess sem hefur almennara gildi
- gæti að heimildum um það sem fyrrum gerðist – um hvað vitneskja sé til og um hvað ekki, hvað sennilegt sé og hvað ósennilegt, hvaða tengsl séu milli skáldskapar og sannfræði

Prepamarkmið í sögu, 7. bekkur

Um 1550–1800, auk langsníða

Á tímabilinu, sem hér er einkum fjallað um, voru böndin sterkust við Danmörku þegar litið er til Íslandssögunnar. Á þeim tíma skiptust Norðurlönd í tvö ríki sem létu til sín taka í Norður-Evrópu og áttu einnig í átökum sín á milli. Hér eru könnuð tengslin við norrænar grannþjóðir en einnig við aðra nágretta, íbúa Bretlandseyja. Í þessu skyni er litið út fyrir tímabilið, bæði aftur og fram, allt frá upphafi Íslandsbyggðar til þorskastríða á 20. öld. Á tímarskeiðinu sjálfu gengur siðbreyting í garð á Norðurlöndum og festir sig í sessi með líkari hætti en annars staðar gerðist í Evrópu en þó með sínu lagi í hverju landi.

Efnið fjallar um stöðu Íslands í heiminum og er því sígilt – um tengsl við nágrannalönd fyrr og síðar, um trúarlíf og trúarviðhorf, um stríð og frið og almennt um „vanda þess og vegsemd“ að búa á Íslandi. Það hentar því vel til samþættingar og tengsla, ekki síst við landafræði, dönsku og ensku.

Norðurlönd og siðbreytingin

Nemandi

- geri sér grein fyrir því hvernig Ísland byggðist frá Norðurlöndum (og Bretlandseyjum)
- kynnist því hvernig Íslendingar bundust norsku og síðan dönsku konungsvaldi
- læri hvernig Norðurlönd tengdust í Kalmarsambandinu og skiptust síðan í tvö fjölþjóðleg ríki
- sjái hvernig Danmörk og Svíþjóð urðu herveldi í Evrópu og áttu í stríði sín á milli
- átti sig á einveldi og einokunarverslun Dana á Íslandi í ljósi þess sem tíðkaðist annars staðar í Evrópu og réttindum og skyldum konungs og þegna
- kynnist 18. öld sem tímасkeiði áfalla á Íslandi, á borð við stórubólu og Skaftárelda, en jafnframt umbótaviðleitni í atvinnuvegum og fræðslu; beri þetta saman við grannlönd
- kanni uppruna mótmælendahreyfingarinnar og lútersks siðar
- kynni sér atburðarás siðbreytingar á Norðurlöndum í stórum dráttum, einkum á Íslandi
- greini þá mynd sem hinn nýi siður fékk á Íslandi, m.a. varðandi yfirstjórn kirkjunnar, uppeldi barna og hlutverk guðsorðsins

Bretlandseyjar

Nemandi

- verði kunnugur írskum áhrifum í upphafi Íslandsbyggðar sem bárust með þrælum, kristni og bókmenningu
- þekki siglingar Englendinga og áhuga þeirra á íslenskum fiski, veiðar, verslun og samskipti við Íslendinga frá 15. til 17. aldar
- geri sér grein fyrir því hvernig Bretland var orðið að öflugum stórveldi á 18. öld á sviði siglinga og verslunar og lenti í útistöðum við Frakka og Dani
- greini áhuga og áhrif Englendinga á Íslandi á 18. öld (Joseph Banks o.fl.)
- þekki valdatöku Jörundar hundadagakonungs í ljósi átaka milli Dana og Englendinga
- *langsnið*: hafi innsýn í áframhaldandi samband við Bretland eins og það birtist m.a. í almennri verslun, sauðasölu, togaraveiði, hernámi og þorskastríðum

Um víða veröld

Nemandi

- kynnist því hvernig tengsl Íslands við umheiminn hafa birst með margvíslegum hætti, persónulegum og ópersónulegum, t.d. með
 - trúarkenningum frá Róm og Norður-Þýskalandi (kaþólskum og lúterskum)

- embættismönnum menntuðum í Kaupmannahöfn (svo sem Brynjólfi Sveinssyni)
- fatatísku frá Hollandi (sem endist enn í prestsskrúðanum)
- sýklum frá Asíu (minnumst svartadauða)
- kartöflum frá Ameríku
- *þversnið/langsnið*: hafi kannað einhvern þátt í þessum tengslum sérstaklega
- kynnist því hvernig Íslendingar fylgdust með því sem gerðist um víða veröld, m.a. með annálaritun
- skoði hugmyndir og viðhorf útlendinga til Íslands og Íslendinga á fyrri öldum
- þekki Tyrkjaránið sem atburð, lífsreynslu og árekstur menningarheima
- þekki til siglinga og veiða Baska og Hollendinga við Íslandsstrendur
- *þversnið*: kynnist einstaklingi sem stóð frammi fyrir ólíkum menningarheimum, t.d. Jóni Indíafara, Önnu Jasparsdóttur eða Guðríði Símonardóttur

Rýni

Nemandi

- fái innsýn í hvaða lönd Íslendingar hafa bein tengsl við á líðandi stund, t.d. með því að gera könnun meðal bekkjarfélaga eða ættingja
- geri sér grein fyrir hnattstöðu landsins, fjarlægð til annarra landa og meti hvaða lönd standa Íslandi næst
- kynnist gleði og sorgarefnum manna, t.d. jafnaldra, á völdum stað og tíma; fái tækifæri til að lifa sig inn í aðstæður þeirra og meta hvað er líkt og ólíkt því sem nú tíðkast; afli sér upplýsinga um sögu og siði í öðrum löndum, einkum á Norðurlöndum, með því að leita með aðstoð mismunandi upplýsingamiðla og/eða með beinum tengslum við nemendur annars staðar (með bréfasambandi, tölvusamskiptum og heimsóknum)

Prepamarkmið í sögu, 8. bekkur

Um 1750–1900

Í 8. bekk eru flestir nemendur á fermingaráldri. Ferming eða ámóta athöfn er og hefur verið viðhöfð í flestum samfélögum og er látin marka skil. Þetta er verkefni fyrsta námsþáttarins – fermingin og hlutskipti ungs fólks á tímabilinu, með möguleika á samanburði við nútíma og milli menningarsvæða. Tímabilið, sem hér er á dagskrá, er skeið sjálfstæðisbaráttu á Íslandi. Jón Sigurðsson gegndi lykilhlutverki í henni og nafn hans er löngu táknrænt og alþekkt. Hann leiðir því nemandann inn í heim 19. aldar og þær hugmyndir og miklu breytingar sem þar eru í deiglu. Loks gefst tækifæri til að velja sér ýmsa menningarþætti til nánari skoðunar undir fyrirsögninni sál og líkami. Þar er fjallað um verkmenningu, heilbrigði, menntamál, listir og skemmtun.

Fyrsti efnisþátturinn snertir fermingarfræðslu sem margir nemendur fá á þessu ári og ætti að vera til gagnkvæms stuðnings. Síðasta efnisþáttinn má samþætta eða tengja við listgreinar, íslensku og heimilisfræði.

Ferming og fullorðinsár

Nemandi

- reki þróun fermingarinnar innan kristninnar, einkum á Íslandi
- greini hlutverk, skyldur og gildi sem tengd voru fermingunni, bæði af trúarlegum og veraldlegum toga
- greini breytingar á hlutverki ungs fólks í fjölskyldu og atvinnulífi sem allajafna áttu sér stað um fermingaraldur
- beri íslensk fermingarbörn saman við jafnaldra þeirra í Evrópu á sama tíma, einkum á Norðurlöndum
- beri hlutverk og tilgang fermingarinnar saman við fermingar og manndómsvígslur í fjarlægari samfélögum
- *þversnið*: setji sig í spor jafnaldra á fyrri tíð með því að kanna persónulegar heimildir, t.d. sendibréf og ævisögur
- *þversnið*: kanni hvaða möguleika stúlkur og piltar höfðu til að móta framtíð sína í lok 19. aldar, með því t.d. að mennta sig, fara í vist, flytja í kaupstað eða til Vesturheims
- *langsnið*: kanni barnavinnu gegnum tíðina, hlutverk hennar og viðhorf manna til hennar allt til líðandi stundar, einkum á Íslandi

Heimur

Nemandi

- kanni áberandi breytingar á atvinnuháttum, einkum í Englandi (upphaf iðnbyltingar), Danmörku (búnaðarframleiðsla), Noregi (timburiðnaður, siglingar, sjávarútvegur) og á Íslandi (þilskip, togarar, vélbátar)
- skoði uppgang Evrópuríkja í veröldinni með iðnbyltingu og nýlendustefnu að vopni
- kanni fjarlæg þjóðfélög, breytingar sem þar áttu sér stað og tengsl þeirra við Evrópu

Upphaf sjálfstæðis, lýðræðis og jafnréttis á Íslandi

Nemandi

- kynnist æviágripi Jóns Sigurðssonar og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur
- kanni röksemdafærslu Jóns fyrir aukinni sjálfstjórn á Íslandi
- kanni andrúmsloft menntamanna í Kaupmannahöfn og hvaða áhrif það hafði á hugmyndir Jóns Sigurðssonar
- kanni hvað af hugmyndum um sjálfstæði, þjóðerni og lýðræði átti uppruna í frönsku byltingunni og hugmyndastefnum 18. og 19. aldar
- athugi og reyni að meta hvaða leiðir Jón Sigurðsson taldi færar og heppilegar á Íslandi í stjórnámálum og atvinnumálum í samanburði við það sem ríkti annars staðar
- þekki áfanga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu til upphafs heimastjórnartímabilsins
- kanni hlutskipti Ingibjargar Einarsdóttur, konu Jóns Sigurðssonar, og annarra kvenna af ýmsum stigum
- kanni upphaf kvenfrelsisbaráttu á Íslandi
- *langsnið*: kanni hvaða sess Jón Sigurðsson hefur haft á Íslandi fram til þessa dags, t.d. með því að skoða kennslubækur, myndir og stytur

Sál og líkami; valdir menningarþættir, þversnið/ langsnið

Nemandi

- fá mynd af húbýlakosti og húsagerð á Íslandi, verklagi við gerð húsa og eiginleikum þeirra, ásamt þróunarsögu frá gangabæjum til burstabæja, timburhúsa og fyrstu steinhúsa
- öðlist þekkingu á og tilfinningu fyrir heimilishaldi og breytingum sem urðu á því (matargerð, geymslu matvæla, ljósmeti, saumaskap, skógerð, aðdráttum), m.a. með skoðunarferðum eða með því að taka til hendinni
- kynnist ráðum sem almenningur kunnir sér til heilsubótar og lækningar
- fylgi þróun læknisfræði og heilsugæslu á Íslandi; kynnist störfum heilbrigðisstétta og fyrstu sjúkrahúsum
- kynnist ritmenningu Íslendinga og hvernig hún birtist í afskriftahefð, skáldskap, blöðum, tímaritum, dagbókum og sendibréfum
- hagnýti sér til fróðleiks og ánægju menningarþætti og menjar sem gefast á söfnum, í sjónvarpi, heimabyggð, eigin fórum eða annarra, með heimsóknum eða í nýlegum ritum og tengjast tímabilinu; vinni úr efninu og miðli til annarra
- skoði upphaf skemmtigarða í Evrópu, t.d. Tívolís í Kaupmannahöfn, og kanni fyrirkomulag þeirra og hlutverk
- afli sér upplýsinga úr ritum, af myndum og Netinu um lífshlaup, þjóðfélagsstöðu, verk og einkenni einstakra listamanna og hópa þeirra, dæmi:
 - Mozart: hlutskipti undrabarns og snillings
 - Jacques-Louis David: málari byltingar og keisara
 - Hokusai: japanskur tréskurðarmeistari
 - Thorvaldsen: klassískur listhöfðingi af íslenskum ættum
 - Wagner: norrænar hetjur á óperusviði
 - van Gogh: málari tilfinninganna
 - afrískir dansarar og grímugerðarmenn: að ná tökum á tilverunni
 - Sölvi Helgason: utangarðsmaður með listadraumum
 - brautryðjendur íslenskrar myndlistar: aldamótakonur
 - Munch: Ópið frá Noregi
 - Skagenmálarar: birta og gleði undir norrænum himni

Rýni

Nemandi

- setji sig í spor jafnaldra á fyrri tíð og á mismunandi menningarsvæðum út frá forsendum hvers tíma og staðar
- kanni þá kosti sem einstaklingar og hópar áttu við mismunandi aðstæður
- lesi úr frumtextum og öðrum minjum vitnisburð um líf, störf og viðhorf mismunandi tíma
- greini mismunandi svið mannlífs og þjóðlífs og leiti tengsla milli einstaklinga, menningar, samfélags, stjórnmála og fleiri þátta
- meti listir og menningu sem einstaklingsbundið framlag í samhengi við tíma og umhverfi

Prepamarkmið í sögu, 9. og 10. bekkur

Tuttugasta öld

Úr sögu tuttugustu aldar eru valdir nokkrir áhugaverðir efnisþættir og sjónarhorn. Fyrst er litast um í byrjun aldar á Íslandi og spurt hvaða kostir voru fyrir hendi. Sagan getur öðlast meiri merkingu ef spurt er hvernig öðruvísi hefði getað farið. Seinni heimsstyrjöldin var afdrifarík hér á landi sem annars staðar og nærtækt að fjalla um ólíka þætti hennar. Nærtækt er einnig fyrir þennan aldurshóp að skoða það sem nefnt hefur verið unglíngamenning til að átta sig betur á stöðu sinni. Flókin tækni er þáttur af menningu unglínga og tæknin hefur skapað þeim nýjar leiðir til að tjá veru sína og vitund. Þessi „tjáningartækni“ segir sögu tuttugustu aldar á sinn hátt. Íslenska lýðveldið heyrir að mestu til seinni hluta aldarinnar en á æviskeiði þess hafa orðið stórir atburðir sem bent er á hér og hægt er að velja til að skoða og fylgja eftir.

Efnið er viðamikilið en ætlast er til að valin séu markmið innan hvers efnisþáttar. Einnig kemur til greina að velja milli efnisþátta, t.d. milli tækni og tjáningar og unglíngamenningar eftirstríðsáranna. Sömmuleiðis er möguleiki að flétta saman umfjöllun um stríðsárin, bæði á Íslandi og erlendis.

Ísland í aldarbyrjun; hvaða leið?

Nemandi

- skoði byrjun aldarinnar sem skeið þar sem ýmsir möguleikar voru hugsanlega fyrir hendi
- þversnið: kynni sér sjónarmið um framtíð landsins í upphafi aldar. Dæmi um markmið sem hægt er að velja um:
 - grafist fyrir um áætlanir um lagningu járnbrautar og þær forsendur sem þær byggðust á
 - kanni mismunandi sjónarmið um lagningu síma til og um Ísland og aðra kosti
 - kynnist mismunandi sjónarmiðum um hlutverk landbúnaðar og sveitalífs í íslensku þjóðfélagi
 - kanni hugmyndir og áætlanir um virkjanir
 - kryfji hugsjónir ungmennafélaga og fleiri samtaka um „ræktun lands og lýðs“
 - grennlist fyrir um uppbyggingu félagsþjónustu og innviða samfélagsins á borð við heilsugæslu, vatnsveitu, hafnargerð og slysavarnir
 - rýni í umræðu um leiðir í fræðslu- og skólamállum og meti þá kosti sem teknir voru
 - gaumgæfi hvaða leiðir voru valdar í sambandi landsins við Dani og hvernig öðruvísi hefði getað farið
 - greini farveg stjórn mála: kosningarétt, stofnun stjórn málaflokka og stefnumál
 - skoði skipulag verkalýðs í hreyfingum og samtökum

Þjóðir í stríði

Nemandi

- kynni sér gang seinni heimsstyrjaldar með því að velja sjónarhorn og efni, eitt eða fleiri, t.d.

- ólíkt hlutskipti Norðurlanda
- hlutskipti Breta/Frakka/Sovétmanna/Þjóðverja
- Japana á vígstöðvum og heima fyrir
- Gyðingaofsóknir, t.d. með hliðsjón af sögu Önnu Frank
- andspyrnuhreyfingar

Stríðsárin á Íslandi

Nemandi

- þekki atburðarás stríðsáranna í stórum dráttum
- sjái hernám Breta í ljósi stríðsins í Evrópu og hlutleysis Íslands
- viti um aðdraganda varnarsamnings við Bandaríkin og framkvæmd hans
- þekki atburðarás sem leiddi til stofnunar lýðveldis á Íslandi
- þekki áhrif hersetunnar á atvinnulíf, viðskipti og tækni
- kunni skil á siglingum Íslendinga í stríðinu, áhættu og mannfalli
- kanni njósnir, fangabúðir og annan stríðsrekstur
- kynni sér tísku og skemmtanir
- kynni sér menningar- og þjóðernistogstreitu sem upp kom í stríðinu og mismunandi viðhorf til hennar
- kanni menjar og minningar í nálægu umhverfi
- glöggvi sig á frumskjölum eða lesi skáldsögur frá stríðsárunum

Tækni og tjáning, þversnið/ langsnið

Nemandi

- kanni sögu tækninýjunga síðustu hundrað ár sem hafa opnað nýjar leiðir til tjáningar og boðskipta, svo sem kvikmyndir, hljóðritun eftir ýmsum aðferðum, útvarp, sjónvarp, tölvur og netheima
- fylgi ferli tónlistariðkunar sem hefur markast af tæknilegum möguleikum, t.d. með rafmögnum hljóðfærum, segulböndum, hljóðgervlum og tölvum
- fylgi eftir þróun kvikmynda frá upphafi til hljóðmynda, litmynda og brellutækni
- kanni breytta hlustun á tónlist vegna tækninýjunga, frá handsnúnum plötuspilurum til útvarps og geislaspilara – í ljósi valfrelsis og markaðshagsmuna, fjölbreytileika og einhæfni
- kynni sér andóf gegn „tæknitjáningunni“, svo sem órafmagnaða tónlist og leit að sögulegum hljóðfærum
- þekki þróun og tjáningarmöguleika tölvutækni frá gataspjöldum til gagnvirkra netheima

Unglingamenning eftirstríðsáranna

Nemandi

- leiti svara við spurningunni um hvort unglingar hafi orðið afmarkaður þjóðfélagshópur eftir stríð
- athugi hvort hægt hafi verið að kenna ákveðna hugmyndastrauma við unglunga
- skoði tísku og tónlist sem kennd hefur verið við unglunga og unglungamenningu og reki þróun ákveðinna þátta

- greini áhrifavalda og fyrirmyndir unglíngamenningar
- athugi hvernig sjálfsmýnd unglínga mótar og mótast af tísku og hvernig tíska er hluti af viðskiptaheiminum, t.d. með því að kanna aðstæður meðal bekkjarfélaga, spyrja eldri systkini og foreldra, skoða gamlar ljósmyndir o.s.frv.

Samstaða og átakalínur í landsmálum, þversnið/ langsnið

Nemandi

- átti sig á hvernig mörg mál, sem hafa verið ofarlega á baugi á Íslandi, eiga rætur sínar að rekja út fyrir landsteinana
- sjái hvernig ýmis veigamikil málefni hafa verið bundin stjórn málaflökkum en önnur ekki
- athugi hvaða skoðanir hafa verið uppi um veru erlends hers á Íslandi
- kanni afstöðu landsmanna til fiskveiðilögsögunnar, útfærslur hennar og viðbrögð annarra þjóða
- kanni sögu ofveiði og verndar fiskistofna við Ísland
- kynnist byggðastefnu á Íslandi eftir stríð, markmiðum hennar og árangri
- grannskoði uppbyggingu velferðarkerfis á Íslandi, um hvað ríkir samstaða og um hvað eru skiptar skoðanir
- kanni þróun kjördæmaskipunar á Íslandi og helstu álitamál sem hana varða
- fylgi eftir og greini málefni sem eru ofarlega á baugi á líðandi stund, t.d. kosningar, kjarasamninga eða nýjungar í skólumálum

Rýni

Nemandi

- beiti hugmyndaflugi og raunsæi til að ímynda sér ólíkar stefnur sem sagan hefði getað tekið
- kanni dæmi um áhrif heimsstyrjaldarinnar á hlutskipti einstaklinga og þjóða
- leiti sambands milli tækni og tjáningar, tísku og frelsis
- þjálfist í að greina þráð atburða og aðstæðna og skilgreina meginatriði

Dæmi um þrepamarkmið í landafræði

Þrepamarkmið í landafræði, 5. bekkur

Kort og myndir

Nemandi

- vinni leiðarlýsingu út frá korti í stórum mælikvarða (t.d. 1:25 000 eða 1:50 000) af heimabyggðinni
- læri að lesa úr hæðarlínum á korti í stórum mælikvarða, lýsa landslagi og nota hugtök eins og hlíð, dalur og halli og lýsingarorð eins og brattur og aflíðandi
- læri að nota tvo undirflokkka höfuðáttanna fjögurra í frásögn, t.d. norðnorðvestur, og tengja þá við skiptingu hrings
- þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll
- geti rakið á korti eða myndum upptök vatnsfalls í heimabyggð, vatnasvið þess og farveg til ósa

Landafræði Íslands

Nemandi

- átti sig á því að náttúruöflin eru stöðugt að mynda og móta landið og hafa áhrif á búsetu manna
- þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landshluta, s.s. landslagi, gróðurfari og veðurfari
- kannist við helstu hafstrauma umhverfis landið og einkenni sjávarfalla
- verði fær um að greina hvað er líkt og hvað ólíkt í heimabyggðinni og öðru byggðarlagi, s.s. með tilliti til landbúnaðar, veðurfars, bygginga og samgangna
- kynni sér auðlindir og atvinnulíf í heimabyggð sinni og landshluta og sé fær um að bera það saman við landið í heild
- ígrundi hvort eitthvað í umhverfi hans þurfi sérstakrar verndunar við
- kynnist íslenskum náttúruminum og náttúruvættum
- fjalli um ferðamannastaði á Íslandi, s.s. eftir hverju ferðalangar eru að sækjast þegar þeir fara um landið
- þekki hvernig landslag í nágrenninu hefur áhrif á lofthita og vindafar
- þekki hvernig byggð dreifist um landið og helstu ástæður þess
- átti sig á af hverju vegir liggja ekki alltaf stystu leið á milli þeirra staða sem þeir tengja
- kunni skil á þeim atvinnugreinum sem mynda undirstöðu íslensks atvinnulífs
- afli sér upplýsinga um íslenskar náttúruauðlindir og hvernig þær eru nýttar
- átti sig á áhrifum nýtingar tiltekinnar náttúruauðlindar í heimabyggðinni á umhverfið þar
- ræði um breytingar á nánasta umhverfi sínu með sjónarmið náttúruverndar í huga

Prepamarkmið í landafræði, 6. bekkur

Kort og myndir

Nemandi

- læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum
- læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um megindrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða

Landafræði Norðurlanda

Nemandi

- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins
- þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum
- fjalli um í hvaða átt þróunin stefnir í litlum samfélögum, meðalstórum bæjum og stórum borgarsamfélögum á Norðurlöndunum
- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins
- kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna
- þekki dæmi um það hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst

Prepamarkmið í landafræði, 7. bekkur

Kort og myndir

Nemandi

- kynnist nokkrum gerðum þemakorta af Evrópu sem sýna dreifingarmynstur t.d. náttúrufars- og mannvistareinkenna
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða
- átti sig á að hæðarmun í landslagi má m.a. sýna með hæðarlínum eða landslagsskyggingu

Landafræði Evrópu

Nemandi

- þekki hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast, t.d. áhrif plötuhreyfinga við myndun Alpafjalla og áhrif veðrunar og rofs
- læri að lýsa megindráttum í loftslagi og gróðurfari allt frá norðurheimskauti að Miðjarðarhafi og áhrifum vinda og hafstrauma þar á
- átti sig á margháttuðum menningarlegum og viðskiptalegum tengslum Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir, t.d. hvaða viðskiptabandalögum og sérsamningum við eigum aðild að
- þekki einstök menningarsvæði í Evrópu, t.d. Norðurlönd, Eystrasaltssvæðið og Norður-Evrópu
- afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfraeðigögnum, kortum, Netinu eða viðtölum
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- átti sig á hvað hefur áhrif á legu og vöxt einstakra búsetusvæða
- kynnist hvað vaxandi búseta hefur í för með sér, t.d. hvað ört vaxandi úthverfi við stórborgir þýða fyrir samgöngur og minnkað land fyrir landbúnað og ræktun
- þekki hvernig atvinnugreinar skiptast í frumvinnslu-, úrvinnslu- og þjónustugreinar
- kynnist því hvers vegna mismunandi samgöngutæki henta hverju sinni, t.d. kostum og göllum vega, járnbrauta, sjó- og loftleiða eftir því hvað þarf að flytja hverju sinni
- skilji af hverju tiltekinni starfsemi er valinn staður þar sem hún er, t.d. af hverju stór iðnfyrirtæki eru staðsett í útjaðri borga en ekki í miðbæjum
- þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- læri að gera greinarmun á því hvaða starfsemi krefst mikils landsvæðis og hvaða lítills landsvæðis, t.d. að akuryrkja, skógrækt og íbúðarsvæði þurfa mikið landrými en skrifstofur, verksmiðjur, spítalar og verslanir þurfa minna landrými
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk

Prepamarkmið í landafræði, 8.–10. bekkur

Kort og myndir

Nemandi

- átti sig á hvaða vandkvæði eru á að flytja upplýsingar um hnött yfir á flatt blað, t.d. með því að flysja appelsínu
- læri að nota bauganet jarðar við nákvæma staðsetningu (gráður, mínútur og sekúndur)
- kynnist því hvaða atriði stýra vali á kortvörpun við kortagerð
- þekki á heimskorti nöfn og legu heimsálfanna, úthafanna, stærstu fjallgarða og mestu fljóta jarðar auk legu miðbaugs, heimskautsbauga, póla, daglínu og núlllengdarbaugsins

- kynnist helstu litum, letri og táknum á landakortum
- átti sig á hvernig mælikvarði korta setur skorður við þeim upplýsingum sem hægt er að koma fyrir á landakorti
- læri að búa til og túlka einföld loftslagsrit og átta sig á gildi slíkra upplýsinga
- skilji hvernig tímakerfi okkar byggist á lengdarbaugum jarðar
- átti sig á að landakort eru gjarnan flokkuð eftir mælikvarða í kort í stórum mælikvarða (minni en 1:250 000) eða kort í litlum mælikvarða (stærri en 1:250 000)
- kanni vatnasvið á með því að skoða kort og greina vatnaskil út frá landslagi, helstu þverám og ósum
- læri að lýsa mynstri árstíðabundins meðalhita og meðalúrkomu á Íslandi á þemakorti eða loftslagslínuritum
- læri að bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og ræði um hvaða þættir hafi áhrif á lífsskilyrði fólks
- læri að lesa úr og búa til aldurspíramída
- kynnist gervihnattamyndum og gagnsemi þeirra t.d. við að greina búsetumynstur, gróðurbelti og veðurkerfi
- skynji mikilvægi upplýsinga á kortum við staðarval t.d. verslunarmiðstöðvar og tengsl þeirra við samgöngur og íbúabyggð

Plánetan Jörð — landafræði Íslands

Nemandi

- fái yfirlit yfir sólkerfið, göngu jarðar og tungls, árstíðaskipti, sólarhæð, dægraskipti, tímabelti og sjávarföll
- þekki innri gerð jarðar í grófum dráttum, þ.e. skiptingu hennar í jarðskorpu, möttul og kjarna
- fjalli um hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og átti sig á að landrek er orsök jarðskjálfta og eldgosa
- læri um helstu náttúruferli sem geta valdið hamförum á Íslandi, s.s. eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð og vinda
- skilji í grófum dráttum hvernig yfirborð jarðar hefur þróast í rás jarðsögunnar
- skilji í grófum dráttum hvernig mismunandi bergtegundir hafa orðið til
- skilji hvernig vindar verða til og hvers vegna þeir blása í ólíkar áttir á ólíkum stöðum á jörðinni
- þekki mestu hafstrauma jarðar, orsök þeirra og áhrif á loftslag strandsvæða
- skilji að úrkoma orsakast af því að rakt loft rís og kólnar
- skilji tengsl úrkomu og þess að fjall knýr loft til að stíga, að hlýr og kaldur loftmassi mætast eða að heitt land veldur uppstreymi lofts
- læri að lýsa mynstri árstíðabundins meðalhita og meðalúrkomu á Íslandi á þemakorti eða loftslagslínuritum
- læri hvernig veðrun og rof verður af völdum vinda, vatns og jökla
- átti sig á áhrifum veðrunar annars vegar og rofs hins vegar með því að læra um hvernig berg slitnar og molnar fyrir áhrif t.d. frostveðrunar, sólsprengingar og efnaveðrunar og hvernig rof veldur flutningi efnis langar leiðir
- skilji hvaða áhrif náttúruöflin hafa á búsetuskilyrði og mannlíf almennt

- kynnist því hvaða áhrif framkvæmdir manna hafa á höfin, t.d. ofveiði og mengun
- kynnist því hvernig mennirnir hafa breytt landslaginu í heimabyggðinni, t.d. í tengslum við landbúnað, iðnað, ferðamannaþjónustu, verslun og samgöngur
- læri um áhrif t.d. vaxandi fjölda einkabíla á samgöngukerfi landsmanna og þjálfist í að veða og meta kosti og galla við hugsanlegar stórfamkvæmdir eins og jarðgangagerð eða virkjanir
- kannist við þær umræður sem fram hafa farið um verndun auðlinda og auðlindanýtingu, þar á meðal álitamál sem upp hafa risið
- læri að greina á milli endurnýjanlegra auðlinda og forða (t.d. jarðefnaeldsneytis)
- fjalli um tengsl orkulinda og staðsetningar stóriðju, t.d. á Íslandi
- þekki mikilvægi vatnsorku (fallvatna og jarðhita) á Íslandi og hvernig hún er nýtt
- kynnist því hvernig menn nýta náttúruauðlindir m.a. við öflun matar og orku
- læri að lýsa landfræðilegum einkennum heimabyggðarinnar, t.d. landslaga, búsetumynstri og dreifingu fólksfjölda með viðeigandi hugtökum eins og þéttbýli, dreifbýli, aldursamsetning og kynjaskipting
- þjálfist í að sækja landfræðilegar upplýsingar (t.d. um íbúafjölda, atvinnuvegi og úrkomu) í gagnasöfn, t.d. á geisladiskum og af Netinu
- átti sig á vandasömu hlutverki þeirra sem taka ákvarðanir um skipulag lands bæði í þéttbýli og dreifbýli

Ríki heims

Nemandi

- kynnist meginráttum efnahagslífs þjóða, tengslum þess við nýtingu náttúruauðlinda og skiptingu heimsins í ríkar þjóðir og fátækar
- átti sig á því hvað einkennir þróunarlönd t.d. með tilliti til atvinnuvega og tæknistigs þeirra, fæðingar- og dánartíðni, ungbarnadauða, læsis og fjölda lækna
- kynnist dæmum um alþjóðlegar aðgerðir til að bæta líf fólks í þróunarlöndum
- átti sig á hvernig daglegt líf og efnahagur fólks í þróunarlandi stýrist af náttúruöflunum í ríkari mæli en í iðnríki
- beri saman inn- og útflutningsvörur annars vegar í iðnríkjum og hins vegar í þróunarlöndum og átti sig á hvaða afleiðingar það hefur í för með sér ef verðmæti seldrar vöru og þjónustu er minna en þess sem keypt er
- læri að útskýra mismun á aldurs- og kynjaskiptingu fólksfjölda eftir borgum, svæðum, löndum og heimshlutum og gera grein fyrir hvaða áhrif munurinn hefur á þjónustu í samfélagi með hátt hlutfall aldraðra í samanburði við samfélag með hátt hlutfall ungs fólks
- kynnist því hvað er efst á baugi í umhverfismálum og öðlist skilning á gildi umhverfisverndar heima og á heimsvísu
- fái innsýn í þau umhverfisvandamál sem fylgja mikilli borgvæðingu, t.d. minnkun ræktarlands, eyðileggingu gróðurþekju og mengun lofts og vatns
- skilji af hverju ár, vötn og höf eru sérstaklega viðkvæm fyrir mengun

- þekki helstu ástæður gróður- og jarðvegseyðingar af mannavöldum, s.s. umfangsmiklar ræktunarframkvæmdir, og geti skýrt af hverju sumir staðir á jörðinni eru sérstaklega viðkvæmir fyrir slíku rofi
- útskýri hvernig framkvæmdir manna og náttúrufar á hverjum stað hefur áhrif á stækkun eyðimarka
- kynnist vandamálum fólksfjölgunar og ójafnrar dreifingar mannfjöldans, þar með talið vaxandi borgvæðingu
- þjálfist í að rökræða ágreining t.d. um staðarval stóriðju eða landnotkun innan þéttbýlis
- skilji ástæður þess á hvern hátt land er notað, hvernig ágreiningur myndast vegna samkeppni um landnotkun og staðarval mismunandi starfsemi
- átti sig á merkingu hugtaksins sjálfbær þróun
- fái yfirlit yfir atvinnulífið og kynnist því hvernig atvinnu fólks er skipt í frumvinnslu, annars og þriðja stigs atvinnugreinar og hver þróun atvinnulífsins er
- læri að greina mun á hlutfalli mannafla í frumvinnslu og úrvinnslugreinum og geti útskýrt af hverju þessi munur hefur orðið til
- kynnist áhrifum breyttra atvinnuhátta á það hvar fólk býr og samskipti þess
- þekki helstu atvinnuvegi jarðarbúa og hvernig náttúran sníður atvinnulífi hvers lands stakk og setur því skorður
- þjálfist í að greina og túlka landfræðileg tengsl þátta eins og heildarþjóðarframleiðslu, fjölda starfa í einstökum atvinnugreinum, gróðurfars, landslags, veðurfars og búsetumynsturs
- skilji hvernig umhverfisþættir, tækni og efnahagslegar, félagslegar og stjórnmálalegar breytingar hafa áhrif á landnotkun og atvinnu
- skilji hvernig náttúrufar hefur áhrif á athafnir fólks og hvernig mismunandi menningarleg gildi, trúarleg viðhorf og tæknileg, efnahagsleg og pólitísk kerfi geta mótað umhverfið á ólíka vegu
- öðlist yfirlit yfir heiminn, jafnt þætti náttúrufars sem og menningarleg einkenni, geti borið saman ýmis einkenni heimsálfanna, hvað sé líkt og hvað ólíkt
- átti sig á ástæðum þess að fólk flytur, t.d. vegna óskar um betra húsnæði, það skiptir um starf, flýr faraldra, stríð eða ofsóknir

Dæmi um þrepamarkmið í þjóðfélagsfræði

Þrepamarkmið í þjóðfélagsfræði, 8.–10. bekkur

Sjálfsmynd

Nemandi

- hugleiði hver hann er í augum sjálfs sín og annarra
- hugleiði hvernig sjálfsmynd hans verður til
 - hvort fjórðungi bregður til móður/föður/fósturs/nafns
 - hvort fjölskyldan skiptir minna máli á þessum aldri en áður
 - hvað það skiptir miklu máli að við erum / erum ekki Evrópubúar/Íslendingar/Vestmannaeyingar o.s.frv.
- rökræði hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur, t.d.
 - í systkinahópi
 - í bekknum
 - með hinu kyninu
 - í útlöndum
- velti fyrir sér kostum og göllum þess að vera „eins og hinir“
- geti gert upp við sig hvað mestu máli skiptir í lífinu

Réttindi og skyldur

Nemandi

- kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athugi hvernig reglunum er framfylgt og ræði réttmæti þeirra, t.d. um
 - útivist
 - fjárráð
 - kynlíf
 - vinnu
- hugleiði hvort réttlátt er og skynsamlegt að allir séu skyldaðir til að vera í skóla í tíu ár
- ímyndi sér hóp eða samfélag þar sem engar gefnar reglur gilda og hvernig slíkt samfélag myndi þróast
- finni hvaða aðilum er ætlað eða eru færastir um að leysa deilur, t.d.
 - í bekknum
 - um forsjá barna við skilnað
 - á vinnumarkaði

Borgaravitund og lýðræði

Nemandi

- kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni, t.d.
 - hvað lært er í skólanum
 - hvað má vera lengi úti á kvöldin

- hvað kaupið er í unglingsvinnunni
- hvenær má setja menn í fangelsi
- hvað má skrifa í skólablaðið
- greini hvernig stjórnsmál og samfélag tengist lífi hans sjálfs
- ræði um alþjóðavitund og fjölmenningu og öðlist skilning á grundvallarmannréttindum í því samhengi
- þekki helstu alþjóðlega samninga og samþykktir sem Íslendingar hafa samþykkt
- fjalli um hvað felst í hugtakinu borgaravitund og gildi hennar fyrir samfélagið
- efli samskiptafærni sína og læri að bera virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- þjálfist í að geta tjáð og rökrætt skoðanir sínar
- verði fær um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum

Samastaður í heiminum

Nemandi

- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi, t.d. með hliðsjón af
 - náttúrufari
 - lífskjörum
 - mannréttindum
 - stöðu homma og lesbía
 - jafnrétti kynja
 - stærð samfélags
- greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með
 - á fyrri tíð
 - landfræðilega
 - um menningu
 - að stjórnarfari
 - í formlegu samstarfi
- meti möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum:
 - sjálfsmynd þjóðarinnar
 - öðrum tengslum, einkum við Norðurlönd og Ameríku
 - fullveldi þjóðar
 - hagsmunum, einkum í atvinnuvegum
 - lýðræði
- skilji hvað átt er við með sjálfbærri þróun og fjalli um eigin ábyrgð í því samhengi

Efst á baugi

Nemandi

- fjalli um valin málefni sem rætt er um í fjölmiðlum
- finni leiðir til að afla sér og vinsa úr upplýsingaefni
- meti upplýsingar á gagnrýninn hátt
- komi niðurstöðum sínum á framfæri með fjölbreyttum hætti
- geti rætt um brýn málefni af tilfinningu og rökfestu
- þjálfist í að líta á málefni frá mismunandi sjónarhornum og að draga „sjálfsagða hluti“ í efa

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla

1. gr.

Með vísan til 29. og 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi frá og með 1. ágúst 2007. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2007-2008 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 24. febrúar 1999 úr gildi.

2. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út í þrettán hlutum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og tólf greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla eru meðal annars tilgreindar kjarnagreinar, fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan, meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í greinahlutum aðalnámskrár grunnskóla, sem eru tólf alls, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Greinahlutarnir bera þessi heiti:

Erlend tungumál
Heimilisfræði
Hönnun og smíði
Íslenska
Íþróttir - líkams- og heilsurækt
Kristinfræði, siðfræði, trúarbragðafræði
Listgreinar
Lífsleikni
Náttúrufræði og umhverfismennt
Samfélagsgreinar
Stærðfræði
Upplýsinga- og tæknimennt.

Menntamálaráðuneytið gefur út greinahluta aðalnámskrár á tímabilinu janúar 2007 til ágúst 2007 og tilkynnir jafnóðum sveitarfélögum um útgáfu þeirra.

Menntamálaráðuneytinu 20. desember 2006.


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir


Guðmundur Árnason